



# 68 æfingar í heimspeki

Jóhann Björnsson  
tók saman

# Efnisyfirlit

Inngangur . . . . .	3
Yfirlit æfinga . . . . .	6
<b>A.</b> Heimspekileikir (heimspekilegar upphitunaræfingar) . . . . .	8
<b>B.</b> Skerpt á skynfærunum – Að taka eftir því sem birtist . . . . .	11
<b>C.</b> Að spyrja – Heimspekilegar spurningar . . . . .	21
<b>D.</b> Fullyrðingar . . . . .	27
<b>E.</b> Hugtakagreining . . . . .	29
<b>F.</b> Skapandi hugsun og ímyndunarafl . . . . .	39
<b>G.</b> Hvað skiptir máli? – Um mikilvægi . . . . .	42
<b>H.</b> Siðfræði, siðferðileg álitamál og heimspekilegar hversdagsklípur. . . . .	48
<b>I.</b> Gagnrýnin hugsun og efahyggja . . . . .	56
<b>J.</b> Hugsað heimspekilega um tungumálið, skólann, tóbak, áfengi og önnur vímuefni. . . . .	59

## 68 æfingar í heimspeki

ISBN 978-9979-0-1796-7

© 2014 Jóhann Björnsson

© 2014 ljósmyndir: Jóhann Björnsson

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Vefútgáfa 2014

NÁMSGAGNASTOFNUN

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Síðuskreyting: Lapiedo/Dreamstime.com

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.



# Inngangur

Heimspekingurinn Páll S. Árdal hélt því eitt sinn fram í blaðaviðtali að maður ætti ekki að líta á heimspekina sem sjálfstætt fag heldur fyrst og fremst sem gagnrýnið viðhorf til veruleikans. Það er full ástæða til að hafa þetta sjónarmið Páls í huga þegar rætt er um hvernig skuli efla heimspeki í skólum landsins. Heimspekina má vissulega stunda eða kenna sem sjálfstætt fag en þar sem heimspekin er ekki síður sjónarhorn og aðferð við að nálgast hin ýmsu viðfangsefni væri það ekki síðra ef hún gæti orðið í ríkari mæli samofin öðrum námsgreinum. Í öllum námsgreinum má spyrja og rökræða heimspekilega og til þess þarf maður ekki að vera með háskólapróf í heimspeki. Að spyrja heimspekilega er eitthvað sem börnum er eiginlegt. Þetta er hæfileiki sem leggja ætti rækt við svo börn fari ekki á mis við dýrmæt tækifæri til að þroska hugsun sína. Það er okkar sem störfum í skólum og komum að uppeldi ungs fólks að sjá til þess að það kynnist heimspekilegri hugsun, hæfileika sem allir búa yfir.

Heimspeki má stunda á ýmsa vegu og heimspekikennsla fer fram með ýmsum hætti. Í þessu kennsluefni eru teknar saman alls 68 æfingar í heimspeki. Með því að gera æfingar þjálfum við ákveðna færniþætti sem gagnast víða en geta einnig verið okkur til ánægju að takast á við. Æfingarnar setja okkur ákveðinni ramma sem á að auðvelda þeim sem ekki hafa þjálfun í ástundun heimspeki til að koma sér af stað. Til þess að stunda heimspeki þurfum við fyrst og fremst að hafa áhuga á að hugsa, spyrja, velta upp ýmsum möguleikum fordómalaust, mynda okkur skoðanir og rökræða við aðra af þolinmæði og á jafnréttisgrundvelli.

Æfingunum er skipt niður í alls níu efnisflokk, A til J, sem hver um sig leggur áherslu á ákveðinn færniþátt, þó vissulega sé heilmikil skörun á milli flokkanna. Ekki er nauðsynlegt að leggja æfingarnar fyrir í ákveðinni röð, það er undir þeim sem stýrir heimspekistundinni hverju sinni komið að velja æfingar. Við hverja æfingu er tilgreint hvaða gögn þarf að nota, hvert markmið hennar er og hvaða aldursbili hún hæfir.

- A. Heimspekileikir.** Heimspekileikjum eða upphitunaræfingum er ætlað að brjóta ísinn, koma þátttakendum af stað heimspekilega með því að hvetja þá til þess að hlusta, spyrja, draga ályktanir og vinna með öðrum. Allt eru þetta mikilvægir eiginleikar góðs heimspekings.
- B. Skerpt á skynfærunum.** Að taka eftir því sem birtist. Skynjunin leikur lykilhlutverk í heimspekinni. Til þess að rannsaka og taka afstöðu til veruleikans þarf maður fyrst að hafa tekið eftir honum. Í þessum hluta eru kynntar nokkrar æfingar þar sem unnið er með skynfærin.
- C. Að spyrja.** Spurningar eru eitt helsta tækið sem notað er í heimspekilegum rannsóknum. Gríski heimspekingurinn Sókrates er þekktur fyrir að hafa fengið viðmælendur sína til þess að öðlast skilning á hinum ýmsu málum með því að spyrja þá og láta þá glíma við spurningarnar. Spurningar hjálpa okkur til að gera okkur grein fyrir veruleikanum og skilja það sem fengist er við hverju sinni.
- D. Fullyrðingar.** Fólk fullyrðir um margt og tjáir með fullyrðingum skoðanir sínar. Með því að fást við fullyrðingar heimspekilega tökum við afstöðu til þeirra, skoðum hversu góðar þær eru og samþykkjum þær eða andmælum.



- E. Hugtakagreining.** Með hugtakagreiningu reynum við að fanga veruleikann. Hver er merking þeirra hugtaka sem við notum? Vitum við það í raun? Hvernig gengur okkur að orða þann veruleika sem við búum við?
- F. Skapandi hugsun og ímyndunarafli.** Hér veltum við því fyrir okkur hvernig eitthvað gæti verið öðruvísi en það er. Við máttum okkur við ýmsar aðstæður og möguleika, setjum okkur í spor og tökum afstöðu.
- G. Um mikilvægi, hvað skiptir máli?** Oftar en ekki setur lífið þær kvaðir á okkur að þurfa að velja á milli ólíkra kosta. Stundum eru allir kostirnir slæmir en samt komumst við ekki undan því að velja. Það er því ráð að æfa sig.
- H. Siðferðileg álitamál og heimspekilegar hversdagsklípur.** Hér erum við á svipuðum slóðum og í lið G. Við þurfum að velja en valið og siðferðið hanga oft á sömu spýttunni. Hvað er rétt og hvað er rangt? Hvað er til góðs og hvað til illis?
- I. Gagnrýnin hugsun.** Að hugsa gagnrýnið er án efa eitt það mikilvægasta sem við getum kennt börnunum okkar. Að hugsa gagnrýnið felst í því að trú ekki hverju sem er án umhugsunar. Upplýsingaflæðið er mikið í nútímasamfélagi og tilboðin mörg. Gagnrýnin hugsun hjálpar okkur að vega og meta kostina sem standa okkur til boða.
- J. Hugsað heimspekilega um ýmis mál.** Að endingu eru æfingar sem taka á íslenski tungu, lýðræði í skólastarfi og ávana- og fíkniefnum. Þar kemur vel í ljós hvernig heimspekinni má beita á hversdagsleg viðfangsefni. Í framhaldi af þessum æfingum er um að gera að beita sömu aðferð við önnur hugðarefni eftir því hvað kemur upp hverju sinni.

Undirliggjandi öllum þessum æfingum hvílir síðan samræðan. Heimspekileg samræða, oft kölluð rökræða sem hefur það að markmiði að komast að því sem er satt og rétt, gott og fagurt. Hún er samstarfsverkefni í þessari sannleiksleit öfugt við kappræðuna sem hefur sigur eins á öðrum að markmiði. Með því að leggja stund á heimspeki erum við ekki að keppa við næsta mann, við erum ekki að reyna að sigra eða yfirbuga, við erum ekki að rífast, heldur að vinna saman. Sannleikurinn, réttlætið, fegurðin og það góða er markmið heimspekilega samræðusamfélagsins sem oft er kallað svo þegar heimspekingar koma saman í rannsóknarvinnu.

**Lykilþættir heimspekilegrar samræðu** eru 1) kveikja 2) umhugsunartími c) samræða d) samskiptareglur samræðusamfélagsins.

- 1. Kveikjan.** Heimspekileg samræða hefst með kveikju. Kveikjan getur verið í formi spurningar, fullyrðingar, sögu, kvikmyndar, ljósmyndar o.s.frv. Margt getur þjónað sem kveikja til heimspekilegrar samræðu og finna má ýmis dæmi í þessari bók.
- 2. Umhugsunartíminn.** Umhugsunartími er mikilvægur eftir að kveikjan hefur verið kynnt og áður en samræðan hefst. Með umhugsunartímanum fá þátttakendur tækifæri til þess að hugleiða það sem er til umfjöllunar, móta skoðun sína og rökstuðning. Umhugsunartíminn nýtist markvissar ef þátttakendum er gert að skrifa niður skoðun sína eða svar við spurningu. Leiðbeinandi kynnir kveikju t.d. spurningu, segir sögu, sýnir mynd o.s.frv. og óskar eftir því að þátttakendur skrifi niður svar við spurningu sem tengist kveikjunni. Ekki er tekinn mjög langur tími í þetta þar sem hér er um fyrstu viðbrögð þátttakenda að ræða. Með umhugsunartíma er komið í veg fyrir að málgláðir þátttakendur tali bara til þess að tala í stað þess að hafa eitthvað markvert fram að færa í rannsóknina.





**3. Samræðan.** Huga ber að því hvernig setið er þegar heimspekileg samræða er stunduð. Gott er að þátttakendur sitji þannig að þeir sjái hver framan í annan, t.d. í hring eða í „u“ laga uppröðun. Sumir stjórnendur kjósa að láta þátttakendur sitja við borð á meðan aðrir kjósa að láta þá sitja án borða. Þegar umhugsunartíminn er liðinn má hefja samræðuna með því að leiðbeinandi spyr hvort einhver vilji leyfa hópnum að heyra það sem skrifað var niður í umhugsunartímanum. Hafa ber í huga að markmiðið er ekki að allir lesi upp allt sem skrifað var í umhugsunartímanum heldur fær hópurinn að heyra viðbrögð eins til að byrja með til að hafa eitthvað upphaf að samræðu. Þegar hópurinn hefur hlustað á viðbrögð þess fyrsta sem tjáði sig ætti hin eiginlega heimspekilega samræða að fara af stað. Það getur gerst með því að leiðbeinandi spyr hópinn t.d. eftirfarandi spurninga:

- a. Er einhver sem er ósammála því sem hann / hún sagði?
- b. Er einhver sem er sammála því sem hann / hún sagði?
- c. Hver er þín skoðun?
- d. Getur þú rökstutt skoðun þína?
- e. Getur þú komið með dæmi sem styður skoðun þína?
- f. Er einhver sem vill spyrja þann / þá sem hafa tjáð sig?
- g. Eru einhverjar aðrar hliðar á málinu sem við höfum ekki rætt og gætu varpað frekara ljósi á málið?

**4. Reglur samræðusamfélagsins.** Mikilvægt er að setja samræðusamfélaginu reglur. Reglunum er ætlað að stuðla að ákveðnum gæðum í samræðunum og rannsókninni. Reglurnar geta verið mismargar frá einum hópi til annars allt eftir því hvað leiðbeinandi metur hverju sinni. Nokkrar reglur eru þó mjög mikilvægar:

- a. Einn talar í einu. Biðja þarf um orðið með handauppréttingu. Nota má „talspýtu“ eða bolta sem gengur á milli þeirra sem tjá sig. Sá sem hefur „talspýtuna“ / boltann hverju sinni hefur orðið, aðrir hlusta á meðan.
- b. Engar óviðeigandi athugasemdir eru leyfðar. Stundum gerist það að þátttakendur fá niðrandi athugasemdir fyrir skoðanir sínar frá öðrum. Slíkt er alveg bannað. Vert er að benda þátttakendum á að oft kemur í ljós að sú skoðun sem virtist í upphafi vera fáránleg reynist eftir nánari skoðun og samræðu vera mjög mikilvæg og langt í frá fáránleg.
- c. Taka eftir því sem aðrir segja. Þetta má leggja áherslu á með því að spyrja einstaka þátttakendur af og til: „Getur þú endurtekið það sem hann / hún sagði?“
- d. Þátttakendur vinna saman sem einn hópur. Samræðan er samstarfsverkefni þátttakenda en ekki samkeppni þeirra á milli. Þátttakendur hjálpa hver öðrum við að móta hugsanir sínar og skoðanir.

Með æfingunum hér á eftir er lagður grundvöllur að heimspekilegum rannsóknum og samræðusamfélögum. Nú er um að gera að spreyta sig á þeim og láta það koma í ljós hvert heimspekin leiðir.

Gangi ykkur vel.

Jóhann Björnsson

# Yfirlit æfinga

A. Heimspekileikur (heimspekilegar upphitunaræfingar)				
Æfingar	Allur aldur	Mið- stig +	Unglinga- stig +	Bls.
Að hugsa sér dýr	x			8
Frá hinu smæsta til hins stærsta	x			8
Að spyrja og svara spurningu með spurningu	x			8
Hver er ég?		x		9
Satt og logið		x		9
Spurt og rangt svar		x		9
Hvað er í „kassanum“?	x			10
B. Skerpt á skynfærunum – Að taka eftir því sem birtist				
Hvað sérðu?	x			11
Málað með sápuvélum og skoðað	x			18
Hlustið	x			19
C. Að spyrja – Heimspekilegar spurningar				
Heimspekilegar spurningar skoðaðar		x		21
Að svara heimspekilegum spurningum	x			21
Spurt en ekki svarað			x	22
Hver er besta spurningin?			x	23
Hver er besta og hver er versta spurningin?			x	24
„Hvað ef?“	x			25
Semjið ykkar eigin „hvað ef?“ spurningar		x		26
D. Fullyrðingar				
Fullyrðingar		x		27
E. Hugtakagreining				
Hvað er skrítið?		x		29
Andlit á blaði í glugga og á spegli	x			29
Mótað í leir	x			31
Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?		x		31
Hvað er krúttlegt?	x			32
Hvað er fallett?		x		32
Trillusjómaður rekst á árabát			x	33
Ábyrgð á eigin námsárangri?		x		33
Er kennarinn ábyrgur fyrir námsárangri nemenda?		x		33
Afbrýðisemi og ábyrgð			x	34
Dauði kindarinnar			x	34
Bensíndælan		x		34
Borgarstjórinn		x		34
Barnið og húsbrunninn			x	35
Umferðarlög brotin		x		35



Æfingar	Allur aldur	Mið- stig +	Unglinga- stig +	Bls.
Skólaferðalagið		x		35
Leitað að sjálfri sér		x		35
Fellibylurinn			x	36
Kokkurinn, nemandinn og matarkastið		x		36
Hvað er raunverulegt?		x		36
Er hægt að misskilja sjálfa(n) sig?			x	37
<b>F. Skapandi hugsun og ímyndunarafl</b>				
Hver hringdi?		x		39
Maður á gægjum			x	39
Hringur Gýges			x	40
<b>G. Hvað skiptir máli? – Um mikilvægi</b>				
Hvað skiptir mestu máli í skólanum?			x	42
Hver er besti kosturinn?	x			43
Eyðieyjan		x		44
Parfir eða gerviþarfir?		x		45
Hvað stuðlar að hamingju og óhamingju?			x	47
<b>H. Siðfræði, siðferðileg álitamál og heimspekilegar hversdagsklípur</b>				
Inneignarnótan í húsgagnaversluninni			x	48
Inneignarnótan í fataversluninni			x	48
Innleggjin			x	49
Rótað í ruslagámi			x	50
Seðlaveskið			x	50
Hjá tannlækni			x	50
Innbrotið			x	51
Að hitta aðra manneskju í alveg eins fötum			x	51
Snyrtivörukaupin			x	52
Fundið fé			x	53
Konan reyndist vera karl			x	53
Um mannleg samskipti, réttindi, virðingu og ofbeldi			x	54
<b>I. Gagnrýnin hugsun og efahyggja</b>				
Dularfullt?			x	56
Er hann örugglega að segja satt?			x	57
En hvað um drauga?			x	58
Fjarheilun auglýst			x	58
Að sjá drauga			x	58
Hvað um ástand prófessorsins?			x	58
<b>J. Hugsað heimspekilega um tungumálið, skólann, tóbak, áfengi og önnur vímuefni</b>				
Hugsað heimspekilega um tungumálið			x	59
Á skólinn að vera lýðræðislegur?			x	60
Hugsað heimspekilega um forvarnir			x	62

# A. Heimspekileikir (heimspekilegar upphitunaræfingar)

## Æfing 1: Að hugsa sér dýr

Gögn: Engin.

Markmið: Að hlusta á virkan hátt, safna upplýsingum, spyrja, samstarf, ályktunarhæfni.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Setið er í hring eða hálfhring. Einn hugsar sér dýr. Farinn er hringur þar sem einn spyr í einu þann sem hugsaði sér dýrið. Sá sem hugsaði sér dýrið má aðeins svara játandi eða neitandi. Smátt og smátt verður hópurinn búinn að safna svo miklum upplýsingum að augljóst ætti að vera um hvaða dýr er að ræða.

## Æfing 2: Frá hinu smæsta til hins stærsta

Gögn: Engin.

Markmið: Að hlusta á virkan hátt, safna upplýsingum, spyrja, samstarf.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Setið er í hring eða hálfhring. Einn hugsar sér smæsta dýr sem mögulegt er. Sá næsti sem situr við hlið hans hugsar sér aðeins stærra dýr, sá þriðji aðeins stærra en sá númer tvö og svo koll af kolli þar til ekki er hægt að hugsa sér stærra dýr. Einnig er mögulegt að byrja á að hugsa sér stærsta dýrið og fara að hinu smæsta. Ekki er heldur endilega nauðsynlegt að um dýr sé að ræða, hér má taka fyrir hvað sem er sem hugsa má um í stærðarhlutföllum.

## Æfing 3: Að spyrja og svara spurningu með spurningu

Gögn: Engin.

Markmið: Að hlusta á virkan hátt, að einbeita sér, efla hugmyndaflug, spyrja.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Þátttakendur sitja í hring. Einn hefur leikinn með því að spyrja annan að einhverju. Sá sem fær spurninguna má ekki svara henni heldur svarar með því að varpa fram spurningu til einhvers annars. Ef einhver gleymir sér og svarar spurningunni fellur hann úr leik. Hér þarf leiðbeinandi að vera vakandi fyrir því að allir fái spurningu.



## Æfing 4: Hver er ég?

Gögn: Skrifæri, blöð.

Markmið: Þátttakendur kynast, sjálfsskoðun, efla hugmyndaflug, að bíða eftir að fá orðið.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Allir þátttakendur skrifa stutta lýsingu á sjálfum sér á blað og láta engan vita hvað skrifað var. Lýsingin má ekki vera of augljós. Þátttakendur eiga að draga fram þá þætti í eigin fari sem fáir og helst engir þekkja, t.d. hvað þeim finnst skemmtilegt, hvað þeir hafa gert, hvert þeir hafa farið, hvað þeir eiga o.s.frv. Stjórnandi safnar saman öllum lýsingunum og les upp. Þátttakendur fá nú tækifæri til að giska á við hvern lýsingin passar. Látið þá sem vilja giska rétta upp hönd áður en ákveðið er hver fær orðið. Með því læra þeir að ekki er sjálfsgott að segja það sem maður vill segja hvenær sem er.

## Æfing 5: Satt og logið

Gögn: Skrifæri, blöð.

Markmið: Þátttakendur kynast, sjálfsskoðun, efla hugmyndaflug, að bíða eftir að fá orðið.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Allir þátttakendur skrifa þrjár stuttar fullyrðingar um sjálfa sig. Tvær fullyrðingar eiga að vera sannar og ein á að vera ósönn. Síðan eru fullyrðingarnar lesnar upp af þeim sem þær skrifuðu. Þeir sem vilja giska á hver af fullyrðingunum þremur er lygi rétta upp hönd og sá sem las velur úr hver fær að svara hverju sinni. Dæmi um fullyrðingar: Ég á kött. Mér finnst gaman að synda. Ég hef farið til Ítalíu.

## Æfing 6: Spurt og rangt svar

Markmið: Virk hlustun, einbeiting, að móta spurningu og samræður.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Allir þátttakendur semja spurningu eða spurningar og skrifa niður á blað. Spurningarnar eiga að vera þannig að mögulegt sé að svara þeim neitandi eða játandi. Hér fylgja nokkrar spurningar sem þátttakendur í þessari æfingu hafa samið:

- Er sænski fáninn bleikur og gulur?
- Eru stólar hér inni?
- Heitir þú Bjarni?
- Er snjór úti?
- Er Evrópa heimsálfa?
- Er tyggjó með tyggjóbragði?
- Eru einhyrningar til?
- Er Eiffeltúrninn í New York?



- Eru til skór?
- Vita foreldrar þínir að þú ert skotin(n) í Sunnu?

Þegar allir hafa lokið við að skrifa spurningarnar niður safnar stjórnandinn þeim saman. Síðan spyr hann hvern og einn þátttakanda og ef svarið er *já* þá segir þátttakandinn *nei* og ef svarið er *nei* þá svarar þátttakandinn *já*.

Stjórnandi reynir að láta spurnarferlið ganga hratt fyrir sig til þess að takmarka umhugsunartíma þess sem svarar hverju sinni. Hlutverk annarra þátttakenda er að taka eftir því hvort sá sem svarar svari rétt eða rangt og ef svarið er rangt þá láta þeir vita.

## Æfing 7: Hvað er í „kassanum“?

**Gögn:** Box eða hulstur t.d. utan af VHS spólu auk þriggja til fimm smáhluta sem látnir eru í hulstrið. Það fer eftir fjölda þátttakenda hversu mörg hlutur eru notuð. Einnig má nota nestisbox, eða ísbox eða eitthvað annað í þá veru. Ef boxið er glært þannig að sjáist í hlutina þarf að pakka því inn.

**Markmið:** Þátttakendur kynnast og vinna saman, uppgötva, nota ímyndunaraflíð og treysta á önnur skynfæri heldur en sjón, einkum heyrn.

**Aldur:** Allur aldur.

**Lýsing:** Þátttakendum er skipt í hópa. Hver hópur fær eitt box eða hulstur. Í það er búið að setja nokkra hluti, t.d. blýant, tappa af gosflösku, smápening, bréfastemma, lykil, teiknibólu. Allir hóparnir fá hulstur með sama innihaldi.

Hver hópur svarar þremur spurningum:

1. Hvað eru hlutirnir í hulstrinu/boxinu margir?
2. Hvaða hlutir eru í hulstrinu/boxinu?
3. Hver er tilgangurinn með því að gera þetta?

Þegar allir hópar hafa komist að niðurstöðu er farið yfir svörin og þau borin saman. Einhver eða einhverjir hópar komast eflaust nær því en aðrir að svara fyrstu og annarri spurningu. Þriðju spurningunni er fyrst og fremst ætlað að vekja þátttakendur til umhugsunar um það sem gert er.



## B. Skerpt á skynfærunum - Að taka eftir því sem birtist

### Æfing 8: Hvað sérðu?

**Gögn:** Myndir (ljósmyndir, teikningar eða málverk), skriffæri, blöð. Reynst hefur vel að nota myndir teknar úti í náttúrunni sem hafa möguleika á mismunandi túlkunum. Mögulegt er að sjá ýmis form t.d. af skýjamyndum, myndum af samspili fjalla, fossa og himins og einnig í abstrakt málverkum. Nokkrar myndir fylgja með æfingunni.

**Markmið:** Að rannsaka það sem birtist, fanga það sem birtist með hugtaki, undrast og upplifa og deila upplifunum sínum, samræða.

**Aldur:** Allur aldur.

**Lýsing:** Stjórnandi hefur nokkrar myndir, a.m.k. eina mynd fyrir hvern þátttakanda og eru allar myndir merktar með númerum.

Þátttakendur velja sér númer og skrifa númerið sem valið er niður á blað (það er gert til þess að þeir skipti ekki um skoðun eftir að æfingin er hafin).

Einn byrjar á að segja frá því númeri sem hann valdi. Stjórnandi getur staldrað við þegar hér er komið sögu og spurt hvers vegna viðkomandi valdi það númer sem valið var. Þátttakandi fær mynd með því númeri sem var valið. Nú fær næsti að segja frá sínu númeri og svo koll af kolli uns allir hafa fengið mynd. Ef einhverjir tveir eða fleiri hafa valið sama númerið er tilvalið að biðja þann sem er með númer á mynd sem annar hefur fengið að finna lausn á málinu. Það má gera t.d. með því að spyrja: *Hvað viltu gera í því að annar er með þá mynd sem þú valdir?* Stundum segir viðkomandi að hann sé til í að velja sér annað númer, stundum segir hann að hann vilji fá þá mynd sem annar er þegar með og þá má rökræða þann möguleika hvort sá sem var kominn með myndina eigi að láta hana af hendi. Það er um að gera að flýta sér hægt og nota tækifærið ef upp kemur möguleiki á að staldra við og rökræða einstaka mál.


Þegar allir hafa fengið myndir skoðar hver sína mynd vel og svarar tveimur spurningum skriflega og deilir ekki upplifun sinni með öðrum að svo stöddu: 1) Hvað sérðu á myndinni? Þátttakendum er frjálst að skrifa það sem þeir sjá. 2) Hvaða hugtak finnst þér einkenna myndina sem þú ert með? Veldu eitt hugtak.

Þegar allir hafa lokið við að skoða myndirnar og velja hugtök safnar stjórnandi myndunum saman og dreifir þeim af handahófi til þátttakenda þannig að allir fá aðra mynd en þeir voru með. Nú er verkefnið endurtekið á sama hátt og áður, þ.e. allir skoða þær myndir sem þeir fengu, skrifa niður það sem þeir sáu og velja eitt hugtak sem einkennir myndina.

Bæta má við spurningu t.d.: Hvaða tilfinningu vekur myndin hjá þér?

Þegar þessu er lokið er reynslunni deilt. Nú fær hópurinn að heyra það sem hver og einn sá og hvaða hugtök voru valin og er borið saman hvort þeir tveir sem voru með sömu mynd hafi séð það sama á myndunum og valið sama hugtak eða hvort þeir hafi séð mismunandi hluti og valið mismunandi hugtök.





























## Æfing 9: Málað með sápukúlum og skoðað

Gögn: A3 blöð, handþurrkur, lím, matarlitur, sápa, vatn, rör.

Markmið: Að rannsaka það sem birtist, fanga það sem birtist með hugtaki, undrast og upplifa og deila upplifunum sínum, samræða, sköpun.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Allir þátttakendur fá hvítt blað t.d. í stærðinni A3, nokkrar handþurrkur og sogrör.

Þátttakendur byrja á því að merkja blaðið með nafni og líma handþurrkurnar á blaðið. Handþurrkurnar má hver og einn líma að vild á blaðið. Ef þeir vilja klippa og móta munstur með handþurrkunum mega þeir það, ef þeir vilja líma handþurrkurnar beint á blaðið óbreyttar má það líka. Sköpunin hér er frjáls. Ástæðan fyrir því að handþurrkur eru notaðar er sú að þær drekka vel í sig vökva sem kemur sér vel þegar farið er að mála með lituðu vatni.

Stjórnandi hefur tekið saman liti sem eru samsettir af matarlit, sápu og vatni í glös-um. Um er að ræða nokkur glös í mismunandi litum. Mikilvægt er að vatnið freyði vel.

Þegar þátttakendur eru búnir að líma handþurrkurnar á A3 blöðin fá þeir glas með lit sem þeir láta vera ofan á blaðinu. Stinga þeir rörinu ofan í glasið og blása þannig að sápukúlur myndast sem flæða upp úr glasinu og á blaðið. Síðan skiptast þeir á litum. Sumir vilja kannski bara nota einn lit á meðan aðrir vilja nota alla sem eru í boði. Sumir vilja nota mikið af lit á meðan aðrir vilja nota lítið.

Þegar þátttakendur eru orðnir sáttir við sitt verk er það látið þorna þar til hópurinn hittist næst.

Þegar myndirnar eru orðnar þurrar tekur við hluti af ferli sem lýst hefur verið í æfingu númer 8 hér að framan, þ.e. allir fá sína mynd og skrifa niður hvað þeir sjá á myndunum sínum. Síðan skiptast þátttakendur á myndum og gera það sama við þá mynd sem þeir hafa fengið. Síðan eru niðurstöðurnar bornar saman. Stundum hefur þessu ferli verið líkt við það að horfa í ský og greina myndir í skýjunum.

Mögulegt er að teikna inn á myndirnar það sem sést á þeim. Það eru samt ekki alltaf allir sem eru til í það, heldur vilja sumir frekar eiga myndirnar sínar án þess að búið sé að teikna inn á þær.

Í framhaldi af þessu má ræða eftirfarandi spurningar: 1) Er einhver mynd alveg mislukkuð? 2) Var einhver sem reyndi að hafa stjórn á því hvernig myndin yrði? 3) Er hægt að segja að ein mynd sé flottari en önnur? Ef svo er, er það þá vegna listrænna hæfileika eða heppni? 4) Hvað er það sem gerir mynd flotta?





Dæmi um verk úr æfingu 9.

## Æfing 10: Hlustið

Hlustunaræfing.

Gögn: Skriffæri, blöð.

Markmið: Að hlusta á virkan hátt, taka eftir því sem sagt er, hugsa áður en eitthvað er sagt og grípa ekki fram í fyrir öðrum.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Þessari æfingu er ætlað að sýna þátttakendum fram á hversu mikilvægt það er að hlusta vel í heimspekilegum samræðum. Það reynist oft erfitt að fá þátttakendur til að bíða eftir orðinu, hugsa málið og tjá sig ekki um leið og þeim liggur eitthvað á hjarta. Þessari æfingu er ætlað að þjálfra virka hlustun, biðlund og þolinmæði í samræðum.

Þátttakendur sitja í hring og snúa baki hver í annan. Mikilvægt er að þátttakendur sjái ekki hver annan þar sem truflandi tjáskipti gætu farið fram. Fyrir aftan hvern og einn er blað og penni á borði.

Æfingin stendur í nokkrar mínútur t.d. sjö mínútur, lengur eða skemur og gengur hún út á það að sérhver þátttakandi má segja það sem hann vill og tala eins lengi

eða eins stutt og hann vill en hann má ekki tala þegar annar hefur orðið. Það verður ávallt að líða ákveðinn tími frá því að sá sem talaði lauk sínu máli og þar til sá sem tekur við hefur mál sitt. Ef einn talar í fimm sekúndur verða að líða 10 sek þar til sá næsti tekur til máls, ef einn talar í 30 sek verða að líða 60 sek þar til sá næsti tekur til máls o.s.frv. Hér er ekki um samræður að ræða og þarf ekki að vera samhengi í því sem sagt er heldur er orðið frjálst um hvaðeina sem þátttakendur vilja tjá sig um. Engum er hinsvegar skylt að tjá sig og ef enginn tjáir sig allan tímann þá er það allt í lagi.

Hlutverk stjórnanda er að taka tímann af æfingunni í heild sinni og af máli hvers og eins og minna þátttakendur á að virða leikreglurnar ef ástæða er til.

Þegar tíminn er liðinn snúa þátttakendur sér að borðum sínum og fá þeir tvær mínútur (hver stjórnandi getur ráðið tímanum) til þess að skrifa niður allt sem þeir heyrðu. Ekki eru gefin nákvæmari fyrirmæli. Það sem átt er við með „allt sem þeir heyrðu“ felur bæði í sér það sem þátttakendur sögðu og það sem stjórnandi sagði auk umhverfishljóða, t.d. ef einhver segir eitthvað fyrir utan, hljóð í bíl eða flugvél o.s.frv.

Þátttakendur bera svo saman það sem þeir heyrðu.

## C. Að spyrja - Heimspekilegar spurningar

### Æfing 11: Heimspekilegar spurningar skoðaðar

Gögn: Heimspekilegar spurningar, t.d. af Vísindavefnum.

Markmið: Að þátttakendur geri sér grein fyrir því hvað heimspekilegar spurningar eru. Hér er ekki markmiðið að svara spurningunum heldur er hér um að ræða kynningu á heimspekilegum spurningum þannig að þátttakendur geri sér grein fyrir muninum á heimspekilegum spurningum og óheimspekilegum.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Leiðbeinandi er búinn að taka til fjölda heimspekilegra spurninga og hefur þær útprentaðar á spjöldum eða miðum. Heimspekilegar spurningar má finna á Vísindavef Háskóla Íslands en einnig má nota spurningarnar sem hér fylgja.

Hver þátttakandi dregur eina spurningu: *Er hægt að gera ekki neitt? Er þögn raunverulega til? Ef maður borðar sjálfan sig, hvort stækkar maður eða hverfur? Ef það er stóll úti í skógi og enginn veit af honum er hann þá til? Ef ég er að lesa hugsanir þínar og þú ert að lesa hugsanir mínar, er ég þá að lesa hugsanir mínar? Er hægt að vera heiðarlegur á óheiðarlegan hátt? Er hægt að fá pylsu með öllu? Ef einhver verður var við huldufólk er þá um huldufólk að ræða? Er það sem er satt alltaf rétt? Hvort er betra að vera kjúklingur sem er ræktaður í litlu búi og miklum þrengslum innan um aðra kjúklinga til þess að verða borðaður eða hafa aldrei orðið til? Hvort á maður frekar að gera það sem er rétt eða það sem er gott? Er hægt að fæðast vondur? Sekkur vatn í vatni? Af hverju verður maður ástfanginn? Er lífið draumur? Hvað er að vera venjulegur? Af hverju finnst sumum óþægilegt að láta sjá sig á nærfötum en ekki sundfötum? Hvað gerist eftir dauðann? Af hverju gengur fólk í fötum? Getur hiti verið hár? Er gott að vera heimskur?*

Þegar allir eru komnir með spurningu les hver og einn sína spurningu upphátt þannig að allir fái að heyra. Hér er eins og fyrr segir ekki markmiðið að svara spurningunum en ef einhverjir vilja gera tilraun til að svara þá er sjálfsagt að gefa tíma til slíks, það er samt ekki markmiðið með þessari æfingu.

Þegar allir hafa lesið upp sínar spurningar má ganga annan hring og láta þátttakendur draga aðrar spurningar eins lengi og tíminn leyfir.

### Æfing 12: Að svara heimspekilegum spurningum

Gögn: Heimspekilegar spurningar t.d. af Vísindavef Háskóla Íslands, skrifæri, blöð.

Markmið: Að þátttakendur öðlist færni í að svara heimspekilegum spurningum og rökræða.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Leiðbeinandi hefur valið fjórar heimspekilegar spurningar og skrifað þær upp á töflu t.d.:

1. Hvort er betra að vera stelpa eða strákur?

2. Er gott að vera heimskur?
3. Ef ég óska mér þess að fá hest í afmælisgjöf og fæ flóðhest, hefur óskín þá ræst?
4. Ef tré fellur í skógi og enginn er nærri heyrst þá eitthvert hljóð?

Nú kjósa þátttakendur þá spurningu sem taka skal fyrir. Hver og einn má kjósa tvisvar sinnum. Leiðbeinandi les upp hverja spurningu fyrir sig og þátttakendur kjósa með handauppréttingu. Einnig má kjósa skriflega.

Þegar fyrir liggur hvaða spurning fékk flest atkvæða fá þátttakendur nokkrar mínútur til þess að skrifa sitt fyrsta svar við spurningunni niður á blað. Þessi liður kallast umhugsunartími þar sem hver og einn fær tíma til að hugsa málið og móta það innlegg sem hann mun leggja í rannsóknina.

Að því loknu hefjast rökræður með því að leiðbeinandi spyr hvort einhver sé til í að leyfa hópnum að heyra svarið sitt.

Hér getur leiðbeinandi haldið rökræðunni gangandi ef á þarf að halda með því að spyrja hópinn hvort einhver sé ósammála svarinu sem var lesið upp, eða sé því sammála. Ef einhver var því ósammála má fá að heyra annað svar eða hvað það er sem er gagnrýniverð við svarið sem var lesið upp. Markmiðið er ekki að allir lesi svörin sín upp þó slíkt megi vissulega gera heldur er ætlast til að hér sé rökræða farin af stað þar sem allir eru virkir og enginn veit hvernig muni þróast.

Hafa ber í huga hér sem og í allri heimspekilegri samræðu að markmiðið er að komast að því sem satt er og rétt. Þátttakendur stunda ekki kappræður þar sem þeir reyna að sigra andmælandann. Hér er því um að ræða samstarf en ekki samkeppni.

### Æfing 13: Spurt en ekki svarað

**Gögn:** Spurningar og svör sem ekki eru fullnægjandi.

**Markmið:** Að gera sér grein fyrir því að þegar spurningu er svarað er nauðsynlegt að svarið sé við þeirri spurningu sem varpað var fram en ekki við einhverri annarri spurningu. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að spurningu sé ekki svarað út í hött eða með útúrsnúningi. Þegar þátttakendur vinna með spurningar skal leggja áherslu á að þeir tileinki sér þá tækni að spyrja á skýran hátt án óparfa málalenginga.

**Aldur:** Unglingastig og eldri. Sömu æfingu má gera með yngri þátttakendum ef notaður er léttari texti.

**Lýsing:** Leiðbeinandi kemur með tvö dæmi úr fjölmiðlum um spurningar sem ekki var svarað á fullnægjandi hátt. Það er um að gera að finna fleiri dæmi og má gera það t.d. með því að taka vel eftir þegar rætt er við stjórnmálamenn í fjölmiðlum.

1. Spurning útvarpsmanns: *Þessar geldingar sem eru framkvæmdar án deyfingar hljóma nú ekki beint geðslega, er þetta útbreytt, er þetta gert á hverju svínabúi í landinu?*

Svar viðmælanda: *Allt sem lýtur að þessu hér á landi er framkvæmt og gert með*





hliðstæðum hætti og er hér í okkar næstu löndum og það sem um þetta má segja er það að við þekkjum þetta úr fleiri búffártegundum. Talað er um að það megi ekki, það þurfi að slátra lambhrútum fyrir ákveðinn tíma á haustin til þess að tryggja það að ekki fari á markað kjöt með hrútabragði. Sama á við um svínin. Við leggjum áherslu á að neytendur fái það kjöt sem þeir vilja fá og þess vegna er þessi aðgerð óhjákvæmileg en hinsvegar eru núna í undirbúningi í nágrannalöndunum leiðir til þess að koma í veg fyrir geldingu. (Rás 2)

2. Spurning sjónvarpsmanns: S.l. sex ár hefur samtals verið skorið niður á Landspítalanum um rúm 20%. Hefur þú gert athugasemdir út af þessu?

Svar viðmælanda: Í okkar starfi þá höfum við haft í huga öryggi sjúklinga, öryggi þeirra sem nota þjónustuna, við fylgjumst vel með því sem gerist á deildum. (RÚV sjónvarpsfréttir, 21.02.2013)

Eftir að hafa heyrt og jafnvel fengið að lesa sjálfir áður nefndar spurningar og svör eru þátttakendur spurðir tveggja spurninga:

- Hvernig er svarið?
- Er ástæða til og mögulegt að laga spurningarnar án þess að merking þeirra breytist. Hafa spurningarnar hnitmiðaðri t.d. með því að fækka orðunum sem notuð eru.

## Æfing 14: Hver er besta spurningin?

Gögn: Kveikja sem vekur upp spurningar, skriffæri, blöð.

Markmið: Að þátttakendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að spyrja góðra spurninga.

Aldur: Unglingastig og eldri. Sömu æfingu má gera með yngri þátttakendum ef notaður er léttari texti.

Lýsing: Þátttakendur gera sér í hugarlund aðstæður þar sem þeir hlýða á fyrirlesara sem endar fyrirlestur sinn á orðunum: *Af hverju geta þessir listamenn ekki bara farið að vinna og komið sér í eðlilega vinnu eins og allt venjulegt fólk?*

Hver og einn fær nú tækifæri til að spyrja fyrirlesarann einnar spurningar. Hver og einn skrifar niður sína spurningu.

Pegar allir hafa lokið við að móta spurningu eru spurningarnar lesnar upp og skrifaðar á töflu. Að því loknu fá þátttakendur að velja hver af þeim spurningum sem kom fram er best. Það má útfæra þetta val þannig að ekki megi velja eigin spurningu.

Pegar besta spurningin hefur verið valin má spyrja að því hvað geri spurninguna góða. Einnig má spyrja að því hvort einhver spurning eigi ekki við og óska eftir rökum fyrir því hvers vegna svo sé.

## Æfing 15: Hver er besta og hver er versta spurningin?

Gögn: Kveikja úr æfingu 14 ásamt meðfylgjandi spurningum.

Markmið: Að þátttakendur greini góðar spurningar frá slæmum.

Aldur: Unglingastig og eldri. Sömu æfingu má gera með yngri þátttakendum ef notaður er léttari texti.

Lýsing: Í æfingunni er sama kveikja notuð og í æfingu númer 14 þar sem þátttakendur settu sig í þær stellingar að hafa hlýtt á fyrirlestur sem endaði á þessum orðum: *Af hverju geta þessir listamenn ekki bara farið að vinna og komið sér í eðlilega vinnu eins og allt venjulegt fólk?* Í stað þess að búa til spurningar eins og í fyrri æfingu þá skoða þeir spurningar sem leiðbeinandi kemur með og áður hafa komið fram í öðrum hópum.

Leiðbeinandi hefur allar spurningarnar prentaðar út á miðum, ein spurning á hvern miða. Hver þátttakandi eða hver hópur dregur eina spurningu.

**Athugasemd:** Í tveimur tilvikum er ekki um spurningu að ræða. Er það vísitandi gert til þess að kanna hvort þátttakendur átti sig á að svo sé. Brýnt er að gæta þess að þátttakendur fái ekki vitneskju um þessa „gildru“ fyrr en að lokinni æfingunni.

Spurningarnar eru:

- Af hverju getur þú ekki fengið þér eðlilega vinnu?
- Hvað telur þú að það yrðu margir listamenn eftir á Íslandi ef þeir þyrftu að lifa á því sem verk þeirra seldust fyrir?
- Af hverju getur venjulegt fólk ekki orðið að listamönnum?
- Alltaf jákvætt þegar stjórn mála flokkar minna fólk reglulega á fyrir hvers konar afturhald og fordóma þeir standa fyrir.
- Hvað þarf marga listamenn í eðlilegri vinnu til að greiða sjálfum sér tugmilljónir í arð?
- Hvað er merkilegra við þína vinnu en vinnu listamanns?
- Hvað er eðlileg vinna?
- Skilgreindu listamann.
- Hvað er venjulegt fólk?
- Leyfir samfélagið að verkamaðurinn leggi niður skóflu sína og ákveði að gerast listamaður?
- Að vera listamaður er vinna og áhugamál, þannig að það er ekki hægt að segja að það að vera listamaður sé ekki vinna.
- Af hverju lítur þú ekki á sjálfa(n) þig?
- Af hverju þegir þú ekki?

Þegar allir hafa dregið spurningu les hver þátttakandi/hópur þá spurningu sem dregin var og svarar því hvort hún sé góð eða slæm og færir rök fyrir máli sínu.



Leiðbeinandi skrifar allar spurningarnar upp á töflu og hópurinn velur bestu spurninguna og þá spurningu sem er verst. Velja má fleiri spurningar, t.d. spurningar sem myndu ekki flokkast sem bestar en eru ekki slæmar.

Önnur útfærsla þessa verkefnis er sú að allir hópar/einstaklingar fái allar spurningarnar á miðum og raði þeim síðan upp eftir því hvaða spurning er best, næst best, þriðja best o.s.frv.

## Æfing 16: „Hvað ef?“

Gögn: Spurningar sem byrja á orðunum „hvað ef ...?“

Markmið: Að efla ímyndunarafl og setja sig í annars konar aðstæður en eru vanalegar.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Í þessari æfingu leika spurningar sem byrja á orðunum „hvað ef?“ lykilhlutverk. Þegar þeim er svarað skal leggja áherslu á að svara því hvernig eitthvað væri eins nákvæmlega og mögulegt er í stað þess að svara á einfaldan hátt eins og stundum er tilhneiging til að gera. Dæmi um slíka einföldun er: *Hvað ef allir væru frægir?* Svar: Þá væru allir frægir. Rannsóknarferlið við þessar spurningar felur í sér eftirfarandi þætti:

- Spurningu svarað eins nákvæmlega og mögulegt er.
- Hvaða vandamál blasa við?
- Hvernig mætti leysa þau vandamál sem upp kæmu?
- Er eitthvað sem yrði betra en nú er?

Dæmi um spurningar sem má nota:

Hvað ef einhverjum hefði einhvern tíma tekist að stoppa tímann? Hvað ef allir væru frægir? Hvað ef allir töluðu sama tungumálið? Hvað ef maður myndi hugsa eins og einhver annar? Hvað ef það væri ekki skólaskylda á Íslandi? Hvað ef menn gætu lesið hugsanir? Hvað ef allir væru blindir? Hvað ef það væri ekki til rafmagn? Hvað ef við værum heilar í krukku? Hvað ef menn gætu ekki hugsað? Hvað ef nöfn allra væru tölur? Hvað ef maður gæti gert hvað sem er án þess að meiða sig? Hvað ef það væri bara til einn sími í hverju landi? Hvað ef það væru engir menn? Hvað ef það væru ekki til tölur? Hvað ef lífið væri draumur? Hvað ef allir væru heyrnarlausir? Hvað ef það væri ekki til ást? Hvað ef það væru engar reglur? Hvað ef við vissum ekki um fortíðina? Hvað ef allt væri ókeypis? Hvað ef allir væru eins? Hvað ef mamma Hitlers hefði farið í fóstureyðingu? Hvað ef karlar gætu orðið óléttir? Hvað ef tímaflakk væri mögulegt? Hvað ef enginn gæti dáíð? Hvað ef allir myndu heita það sama? Hvað ef líf okkar væri bara sjónvarpsþáttur í öðrum heimi? Hvað ef allir væru ósýnilegir? Hvað ef það væri ekki til sjónvarp? Hvað ef í hvert skipti sem þú kveiktir á sjónvarpi myndi manneskja deyja? Hvað ef það yrði heimsendir á morgun? Hvað ef það væri ekki hægt að ljúga? Hvað ef þú gætir bara sagt eitt orð á dag? Hvað ef það væru engin stríð? Hvað ef kennarar væru vélmenni? Hvað ef menn væru með þrjár hendur? Hvað ef allir myndu alltaf ljúga? Hvað ef fingur okkar væru tær og tær okkar fingur?



## Æfing 17: Semjið ykkar eigin „hvað ef?“ spurningar

Gögn: Skriffæri, blöð.

Markmið: Skapandi og gagnrýnin hugsun. Að spyrja heimspekilega.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Í þessari æfingu taka þátttakendur sér góðan tíma til að semja sínar eigin „hvað ef?“ spurningar. Tekinn er góður tímitími, a.m.k. 30 mínútur, og semja þátttakendur eins margar spurningar og þeir geta á þeim tíma sem varið er til verksins. Allar spurningarnar eiga að byrja á orðunum „hvað ef ...“

Reynslan er sú að oft eiga þátttakendur erfitt með að byrja en ef leiðbeinandi lætur það ekki á sig fá og gefur tíma í verkið þá komast þátttakendur oftast en ekki á flug. Sjálfsagt er að leyfa þeim að bera saman bækur sínar og deila spurningum sínum í þessari vinnu þar sem ein hugmynd verður oft til þess að önnur kviknar.



## D. Fullyrðingar

### Æfing 18: Fullyrðingar

Gögn: Fullyrðingar, skriffæri

Markmið: Að mynda sér skoðun, að greina hvað er skynsamlegt og hvað óskynsamlegt, rök-ræða og færa rök fyrir máli sínu.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Hér á eftir má finna fullyrðingar sem eru misskynsamlegar. Merkja má við hverja fullyrðingu með einum af þremur valkostum, þeir eru *sammála*, *ósammála* og *?*.

Leiðbeinandi velur fullyrðingar sem þátttakendur, ýmist hver fyrir sig eða í smærri hópum lesa og meta hvort þeir eru þeim sammála eða ósammála.

Einnig má taka fyrir sannleiksgildi fullyrðinganna og spyrja hvort þær séu sannar eða ósannar, réttar eða rangar.

Þegar allir hafa lokið við fyrsta hluta verkefnisins, þ.e. tilgreint hverju þeir eru sammála og hverju ósammála, er óskað eftir að þátttakendur velji þá fullyrðingu sem mætti skilgreina sem *mesta bullið*.

Þátttakendur greina frá vali sínu á þeirri fullyrðingu sem er *mesta bullið* og færa rök fyrir vali sínu.

Val þátttakenda borið saman og rökrætt.

Öll lönd eru útlönd. – Þú ert að lesa þetta. – Ef þú lest þetta kemur heimsendir. – Salt og pipar er það sama. – Stelpur eru með sítt hár. – Allar úlpur eru hlýjar. – Allt nammi er óholtt. – Það eru allir útlendingar. – Sumir hafa aldrei verið hamingjusamir. – Það eru til grænar appelsínur. – Öllum líður vel á afmælinu sínu. – Það finnst öllum gaman í útlöndum. – Snjór er skemmtilegur. – Allt er lifandi. – Ef hnötturinn er kringlóttur verður einhver partur hans að snúa niður þannig að þeir sem búa niðri detta af honum. – Grænt hár vekur mikla eftirtekt. – Pröng föt eru óþægileg. – Lífið er langur draumur. – Allir eru öðruvísi. – Austur er alltaf til hægri. – Einelti er skaðlegt. – Lífið er tónlist. – Tvíburar eru tveir. – Það eru til svartir svanir. – Klukkan tifar. – Strætó er bíll. – Þú ert þú. – Pulsur eru betri en pylsur. – Hugsaðu nú. – Dýr tala. – Á kaffitíma á að drekka kaffi. – Allir hlæja eins. – Lyklakippa er fyrir lykla. – Það er ekki líf á öðrum plánetum en Jörðinni. – Við erum útlendingar. – Það er hægt að kyngja tönnum í svefni. – Sebrahestar eru hvítir með svörtum röndum. – Allar ömmur eru góðar. – Guð er til og hann er góður. – Melónutré er til. – Málara eru ekki allir góðir að mála. – Öll dýr á jörðinni eru geimverur. – Eiturefni eru hættuleg. – Það er hægt að vera neikvæður og jákvæður á sama tíma. – Hnífar eru beittir. – Nammi er gott. – Það er skemmtilegast að eiga afmæli á sumrin. – Regnboginn er litað ský. – Hjól eru með tveimur dekkjum. – Einhver hnerrar akkúrat ... núna. – Það er ekki til ein sekúnda sem enginn er að tala. – Beljur tala á nýársnótt. – Allir eiga sjálfa sig. – Maður er alltaf á hreyfingu. – Menn geta ekki flogið. – Kanínur eru algjörar dúllur. – Hænur eru með sál. – Þú

ert að lesa þetta því þú ert forvitin(n). – Maður er kallaður nagli út af því að maður líkist nagla. – Skór eru föt. – Maður hugsar af því að maður vill hugsa. – Lífrænt grænmeti er grænmeti sem á sér líf. – Allir eru með hæfileika. – Allir heita eitthvað. – Það eru til stórir dvergar. – Þú blikkar augunum oft en tvisvar sinnum á mínútu. – Bleikt er stelpulitur og blár er strákalitur. – Að lesa þetta er heimskulegt. – Það er hægt að ferðast aftur í tímann. – Það er hægt að vinna og tapa í einu. – Heimurinn er endalaus. – Það eru geimverur að fylgjast með okkur. – Ekkert er eitthvað. – Allt deyr á endanum. – Það er líf eftir dauðann. – Sólin er ekki til. – Guð er pabbi minn. – Allir eru hræddir við hákarla. – Ef mig langar í nammi þá þarf ég að fá mér. – Allir eru góðir í einhverju. – Allir eru til. – Þú stjórnar andardrætti þínum 100%. – Fruma er búin til úr frumu. – Peningar gera allt. – Það er hægt að hósta hljóðlaust. – Pennaveski er bara fyrir penna. – Það er allt hægt. – Þú ert sigurvegari. – Ég veit þitt stærsta leyndarmál. – Þú ert að hugsa. – Þú ert eins og hinir. – Ég er að horfa á geimverur í kringum mig því við erum á plánetu í geimnum. – Ég er stór í einu landi en lítil(l) í öðru. – Olía er bæði góð og slæm. – Fólk hefur mismunandi matarsmekk. – Það eiga allir einhvern tvífara. – Það eiga allir einhvern sem þykir vænt um þá. – Það hafa allir álit á einhverjum. – Engum finnst sama tónlistin jafn skemmtileg. – Allir eru með mismunandi smekk. – Það myndu allir skjóta úr byssu ef þeir væru í lífshættu. – Ég er ég og þú ert þú þó þú sért líka ég. – Allir eru eins á öðruvísi hátt. – Þú finnur sömu lykt af blómi og ég. – Vinir verða vinir að eilífu. – Klukkan er alltaf rétt. – Svartur er ekki litur. – Regnboginn er brú til himna. – Enginn er eins. – Hús er orðið hús þegar einhver býr í því. – Allir hafa brosað. – Þegar maður brosir er maður glaður. – Gosi er lygari. – Vítahringur er ekki hringur. – Ef þú lýgur en segir síðan eftir á að þú hafir verið að ljúga þá sagðir þú satt. – Þú getur verið viss um að þú sért að lesa þetta. – Þegar fólk hugsar, sér það myndir í huganum. – Allt er náttúrulegt. – Allir fá heimprá. – Ef allir eru bestir þá er enginn bestur. – Það er enginn kappleikur án keppenda. – Allir elska alla. – Allir eru gáfaðir. – Allir geta flogið. – Fyrst skapaði guð Adam. Hann horfði á hann frá toppi til táar og sagði: Ég hlýt að geta gert betur en þetta. Þá skapaði hann Evu. – Ég geispa og þá geispar þú. – Það eru allir mismunandi á litinn. – Ástin særir og styrkir um leið. – Þú ert ein(n) í heiminum og allir aðrir eru ímyndun. – Peningar eru betri en ást. – Dvergar eru menn en menn eru ekki dvergar. – Maðurinn er heimskur. – Fólk gæti ekki breytt um svip ef það væri ekki með enni. – Himinn er ekki bara blár. – Skápar leiða inn í annan heim. – Myndavélar teikna ljósmyndir. – Dýraofbeldi er óþarfi. – Rétt er ekki rangt. – Stroklaður stroka ekki út stafi heldur gera þá ósýnilega. – Það eru til ósýnilegir hlutir. – Það sem maður sér ekki veit maður ekki að er til. – Allir hafa hlegið. – Barbie er dúkka sem býr í húsi sem er í húsi. – Sálin er til. – Einstein var klikkaður. – Þegar kennarinn segir hljóð eiga allir að hafa læti. – Snigill er sterkasta dýrið því hann ber húsið sitt. – Alla dreymir í svart hvítu. – Þögn er hljóð. – Það er hægt að synda til Ástralíu. – Núna er lítill karl sem heitir Halldór að ganga niðri í bæ. – Það sem þú lest er alltaf satt – Ég er í framtíðinni.

## E. Hugtakagreining

### Æfing 19: Hvað er skrítið?

Heimspékileikur og hugtakagreining.

Gögn: Skrifæri, blöð.

Markmið: Þátttakendur kynnst, sjálfsskoðun, greina hugtakið *skrítið*, rökræða og færa rök fyrir máli sínu.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Spurt er: *Hvað er það skrítnasta sem þú hefur upplifað?* Þetta verkefni hefur oft verið notað með nemendum sem eru nýbyrjaðir í nýjum skóla og er þá spurt: *hvað er skrítnast við skólann?* Eða *hvað fannst þér skrítnast þegar þú byrjaðir í skólanum?* Þátttakendur skrifa það sem þeim fannst skrítið niður á blað og láta engan vita hvað þeir skrifa. Stjórnandi safnar saman öllum blöðum og les upp lýsingarnar. Þeir sem vilja giska á það hver á hvaða lýsingu rétta upp hönd og stjórnandi velur hver fær að svara.

Þegar búið er að lesa upp allar lýsingarnar má leita svara við eftirfarandi spurningum:

- Er eitthvað sem allar lýsingarnar eiga sameiginlegt? Dæmi um svar við þessari spurningu er á þá leið að allar lýsingarnar eiga það sameiginlegt að lýsa einhverju sem hefur með efnislega hluti að gera, t.d. húsnæði, húsgögn, bækur o.s.frv. eða menningu, t.d. hegðun, tísku, vinnubrögð o.s.frv.
- Hvernig er hægt að skilgreina hugtakið *skrítið* með tilliti til þeirra lýsinga sem koma fram? Dæmi um svar úr einum hópi: *skrítið er það sem maður er ekki vanur að upplifa.*
- Er skilgreiningin/skilgreiningarnar góð(ar) eða slæm(ar)?

### Æfing 20: Andlit á blaði í glugga og á spegli

Gögn: Blað A4, tvær glæsur, skrifæri, glæsupenni, myndvarpi, kennaratyggjó.

Markmið: Að láta huga og hönd vinna saman, hugtakagreining, sjálfsskoðun.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Þátttakendur fá eitt blað A4 að stærð, tvær glæsur og glæsupenna.

Þátttakendur byrja á því að teikna sjálfa sig á blaðið.

Eftir að hafa lokið við teikninguna er önnur glæran fest á spegil og andlitsmynd teiknuð eins nákvæmlega og mögulegt er. Þessi glæra er merkt með nafni þess sem teiknaði og auðkennd *spegill*.


Þegar búið er að teikna á *speglaglærana* er seinni glæran tekin og límd á rúðu. Þátttakendur vinna tveir og tveir saman. Standa þeir sinn hvorum megin við rúðuna og annar teiknar hinn og svo skipta þeir um hlutverk. Þessi glæra er merkt *rúða* og nafni þess sem er á glærinni.

Þegar allir hafa lokið við teikningarnar eru allir með eina teikningu á blaði og tvær glærur af sjálfum sér.

Nú skoða þátttakendur vel allar þrjár myndirnar og skrá niður eitt hugtak sem þeim finnst einkenna það sem þeir sjá á myndunum, eitt hugtak fyrir hverja mynd. Dæmi um hugtök gætu verið *gláður*, *fallegur*, *skrítinn* o.s.frv.

Þegar allir hafa skráð niður hugtökin safnar leiðbeinandi myndunum saman og dreifir til annarra af handahófi. Hver og einn skoðar síðan þær myndir sem hann fær og skráir niður hugtök sem honum finnst passa við þær myndir sem hann er með.

Þegar allir hafa lokið við að skrá hugtökin eru myndirnar skoðaðar í sameiningu og hugtökin borin saman. Hér kemur myndvarpi að góðum notum til þess að varpa upp myndunum á glærunum.



Dæmi um verk úr æfingu 20.



## Æfing 21: Mótað í leir

Gögn: Blöð, skriffæri, leir, ljósmyndir.

Markmið: Að láta huga og hönd vinna saman, hugtakagreining.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Allir fá leir og byrja á því að hnoða hann í höndunum. Síðan fá allir ljósmynd t.d. ljósmynd úr tímariti, dagblaði, af netinu eða sem stjórnandi hefur tekið. Engir tveir fá sömu myndina.

Þátttakendur skoða vel myndina sem þeir fengu og búa til eitthvað úr leirnum sem er undir áhrifum frá myndinni.

Þátttakendur skrifa niður hvað þeir gerðu og finna hugtak sem þeim finnst passa við verk sitt.

Þegar allir hafa lokið við sín verk og skráð niður hugtak færa allir sig yfir í annað sæti. Þar skoða þátttakendur það verk og ljósmynd sem þar er fyrir og finna hugtak sem þeim finnst passa við og skrá á það blað sem þar er.

Að því loknu fara allir aftur í sín fyrri sæti og komast að því hvaða hugtak hafði verið skrifað um þeirra verk.

Hver og einn skrifar niður mat um sitt verk í ljósi þeirra tveggja hugtaka sem fram hafa komið um þau. Passa hugtökin bæði jafn vel við verkið? Er annað hugtakið betra en hitt? Hver er niðurstaðan? Þátttakendur rökstyðja afstöðu sína.

Þátttakendur kynna niðurstöðurnar og ræða.

## Æfing 22: Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Gögn: Blað og skriffæri.

Markmið: Sjálfsskoðun, kynast mismunandi menningarupplifunum, greina hugtakið *skrítið*.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Þátttakendur skrifa niður það skrítnasta sem þeir hafa borðað. Hvað þeir telja skrítið er undir þeim sjálfum komið. Ef þeir hafa borðað margt skrítið má skrifa það allt niður eða bara það allra skrítnasta. Þátttakendur gefa ekki upp hvað þeir skrifuðu að svo stöddu.

Þegar allir hafa skrifað það skrítnasta sem þeir hafa borðað brjóta þeir miðana saman og leiðbeinandi safnar þeim saman. Að því búnu fá þátttakendur að draga einn miða hver af þeim sem voru skrifaðir.

Hver og einn les nú upp það sem stóð á miðanum sem hann dró og giskar á hver skrifaði á miðann sem dreginn var. Aðrir þátttakendur geta aðstoðað við ágiskanirnar.

Rökræður. Í rökræðum má spyrja út í einstakar upplýsingar sem fram koma, s.s. hvar viðkomandi borðaði matinn. Hvað var svona skrítið við hann? Var maturinn góður eða vondur? Finnst öðrum umræddur matur skríttinn? Hvað þýðir hugtakið *skrítið*? o.s.frv.

Má finna eitthvað sameiginlegt með þeim tegundum matar sem talað var um?

## Æfing 23: Hvað er krúttlegt?

Gögn: Myndir af dýrum, blöð, skriffæri.

Markmið: Hugtakagreining.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Þátttakendum er skipt í hópa. Hver hópur fær nokkrar myndir af dýrum sem leiðbeinandi hefur tekið saman. Allir hópar fá sömu myndirnar.

Hóparnir vinna þar sem þeir geta ekki fylgst með hver hjá öðrum og raða myndunum niður eftir því hvaða dýr er krúttlegast, næst krúttlegast, þriðja krúttlegast o.s.frv. Óskað er eftir því að rökstuðningur fylgi með ákvörðun hópsins og ef um ágreining er að ræða skal gera grein fyrir honum.

Þegar allir hópar hafa lokið störfum sínum koma þeir saman og gera grein fyrir niðurstöðum sínum. Þá kemur í ljós hvort skilningur þátttakenda á hugtakinu *krúttlegt* sé sambærilegur.

Að endingu er reynt að finna skilgreiningu á hugtakinu *krúttlegt* í ljósi þeirrar vinnu sem fram fór.

Einnig má útfæra þetta verkefni þannig að hver hópur rannsaki fleiri en eitt sett af myndum, allt eftir því hve mikinn tíma hóparnir hafa.

## Æfing 24: Hvað er fallett?

Gögn: Myndir af því sem rannsakað er, blöð, skriffæri.

Markmið: Hugtakagreining.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Þátttakendum er skipt í hópa. Hver hópur fær nokkrar myndir sem leiðbeinandi hefur tekið saman af einhverju sem flokka má sem mismunandi fallett. Hér gæti verið um að ræða myndir af fólki, byggingum, bílum, listaverkum, náttúrufyribærum, s.s. blómum, fossum o.s.frv. Allir hópar fá sömu myndirnar.

Hóparnir vinna þar sem þeir geta ekki fylgst með hver hjá öðrum og raða myndunum niður eftir því hvað er fallettast, næst fallettast, þriðja fallettast o.s.frv. Óskað er eftir því að rökstuðningur fylgi með ákvörðun hópsins og ef um ágreining er að ræða skal gera grein fyrir honum.

Þegar allir hópar hafa lokið störfum sínum koma þeir saman og gera grein fyrir niðurstöðum. Þá kemur í ljós hvort skilningur þátttakenda á hugtakinu *fallett* sé sambærilegur.

Að endingu er reynt að finna skilgreiningu á hugtakinu *fallett* í ljósi þeirrar vinnu sem fram fór.

Einnig má útfæra þetta verkefni þannig að um fleiri en eitt sett af myndum sé að ræða sem hóparnir rannsaka t.d. ef myndir af fólki eru skoðaðar gæti eitt sett mynda verið af konum og annað af körlum.



## Æfingar 25–37. Þema: Um ábyrgð

Gögn: Meðfylgjandi spurningar.

Markmið: Hugtakið ábyrgð greint, að taka afstöðu, mynda sér skoðun á álitamálum og færa rök fyrir afstöðu sinni.

Lýsing: Í æfingum númer 25–37 taka þátttakendur afstöðu til álitamála sem hafa með ábyrgð að gera. Mögulegt er að velja úr álitamál sem þátttakendur taka afstöðu til og rökræða eða láta þátttakendur taka afstöðu til þeirra allra áður en valin álitamál eru rökrædd.

### Æfing 25: Trillusjómaður rekst á árabát

Aldur: Unglingastig og eldri.

Trillusjómaður siglir óvart á árabát með þeim afleiðingum að barn fellur í sjóinn og drukknar. Trillusjómaðurinn er ...

- ábyrgur fyrir því að barnið drukknaði.
- ekki ábyrgur fyrir því að barnið drukknaði.
- Annað?

### Æfing 26: Ábyrgð á eigin námsárangri?

Aldur: Miðstig og eldri.

Þú lærir mjög vel og nærð öllum prófum. Þú ert ...

- ábyrg(ur) fyrir að hafa náð prófunum.
- ekki ábyrg(ur) fyrir að hafa náð prófunum.
- Annað?

### Æfing 27: Er kennarinn ábyrgur fyrir námsárangri nemenda?

Aldur: Miðstig og eldri.

Þú lærir mjög vel og fellur á prófi. Kennarinn þinn er ...

- ábyrg(ur) fyrir því að þú náðir ekki prófinu.
- ekki ábyrg(ur) fyrir því að þú féllst á prófinu.
- Annað?

## Æfing 28: Afbrýðisemi og ábyrgð

Aldur: Unglingastig og eldri.

Maður sem ekki hefur notið velgengni í lífinu er afbrýðisamur út í vinnufélaga sinn sem hefur notið mun meiri velgengni í lífi og störfum. Hann ver ekki vinnufélaga sinn sem hefur verið handtekinn og dæmdur fyrir glæp sem hann framdi ekki þó hann viti um sakleysi hans. Er þessi maður sem veit af sakleysi vinnufélagans ábyrgur fyrir því að hann sitji í fangelsi?

- Ábyrgur fyrir því að vinnufélagi hans er í fangelsi.
- Ekki ábyrgur fyrir því að vinnufélagi hans er í fangelsi.
- Annað?

## Æfing 29: Dauði kindarinnar

Aldur: Unglingastig og eldri.

Pú sofnar undir stýri á ferð. Bíllinn fer út af veginum og á kind sem er við veginn og ekki innan girðingar. Pú ert ...

- ábyrg(ur) fyrir dauða kindarinnar.
- ekki ábyrg(ur) fyrir dauða kindarinnar.
- Annað?

## Æfing 30: Bensíndælan

Aldur: Miðstig og eldri.

Eftir að hafa dælt bensíni á bíllinn þinn í bensínsjálfsala tekur þú eftir því að sjálfsalinn tekur 2000 kr. of mikið út af kortinu þínu. Pú hefur ekki samband við ábyrgðarmenn bensíndæluunnar til þess að gera athugasemd þó gefið sé upp símanúmer. Pú ert ...

- ábyrg(ur) fyrir því að tapa peningnum.
- ekki ábyrg(ur) fyrir því að tapa peningnum.
- Annað?

## Æfing 31: Borgarstjórinn

Aldur: Miðstig og eldri.

Maður sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi leggur mikið á sig og verður á endanum borgarstjóri. Hann er ...

- ábyrgur fyrir velgengni sinni.
- ekki ábyrgur fyrir velgengni sinni.
- heppinn
- Annað?



### Æfing 32: Barnið og húsbruninn

Aldur: Unglingastig og eldri.

Pú veist að barn er lokað inni í brennandi húsi. Pú hringir á slökkviliðið en ferð ekki inn í húsið til að bjarga barninu. Barnið deyr. Pú ert ...

- ábyrg(ur) fyrir dauða barnsins.
- ekki ábyrg(ur) fyrir dauða barnsins.
- Annað?

### Æfing 33: Umferðalög brotin

Aldur: Miðstig og eldri.

Lögreglumaður sem er ekki á vakt keyrir hraðar en hámarkshraði segir til um, til þess að góma bankaræningja sem hann sá. Hann ...

- brýtur umferðalög og ætti að vera sektaður
- brýtur umferðalög en ætti ekki að vera sektaður
- Annað?

### Æfing 34: Skólaferðalagið

Aldur: Miðstig og eldri.

Kennari fer í ferðalag með börnin þar sem umhverfið er hættulegt, varasamir klettur, hengiflug og villidýr. Hann fylgist ekki með börnunum allan tímann og þau gætu skaðast. Ekkert barn skaðast í þessari ferð. Hann er ...

- ábyrgur fyrir því að allir komu heilir heim.
- ekki ábyrgur fyrir því að allir komu heilir heim
- annað

### Æfing 35: Leitað að sjálfri sér

Aldur: Miðstig og eldri.

*Leit að erlendri konu sem hafði verið saknað síðan um hádegi í gær var hætt um klukkan þrjú í nótt þegar í ljós kom að hún var alls ekki týnd. Hún hafði þvert á móti hjálpað samviskusamlega til við að leita að sjálfri sér. Konan sem er tvítug hafði verið í áætlunarferð. Þegar hún skilaði sér ekki aftur í rútuna á tilsettum tíma var hafin leit að henni. Björgunarsveitir voru kallaðar út og óskað eftir aðstoð Landhelgisgæslunnar við leitina. Í nótt kom svo í ljós að konan var ekki týnd heldur í hópi ferðamannanna sem ýmist hafðist við í rútunni á meðan á leitinni stóð eða aðstoðaði við hana. Þannig kom það til að þessi týnda kona leitaði að sjálfri sér. (visir.is 26. ágúst 2012).*

Konan er ...

- a. ábyrg fyrir því að allir fóru að leita.
- b. ekki ábyrg fyrir því að allir fóru að leita.
- c. annað

### Æfing 36: Fellibylurinn

Aldur: Unglingastig og eldri.

Fellibylur á að skella á borginni eftir sólarhring. Borgaryfirvöld segja að íbúarnir eigi að fara út úr borginni þar sem mikil hættu sé á ferðum. Einn maður ákveður að fara ekki og segir frá því í sjónvarpsviðtali. Síðan skellur fellibylurinn á og maðurinn deyr.

- a. Hann er ábyrgur fyrir dauða sínum.
- b. Borgaryfirvöld eru ábyrg fyrir dauða hans þar sem þau tóku hann ekki með valdi út úr borginni.
- c. Fréttamaðurinn er ábyrgur fyrir því að hafa ekki gert neitt til þess að hann færi út úr borginni.
- d. Annað

### Æfing 37: Kokkurinn, nemandinn og matarkastið

Aldur: Miðstig og eldri.

Kokkur í skóla eldar einn daginn vandan mat að mati nemanda nokkurs. Nemandinn ákveður að mótmæla matnum með því að fara í matarkast í matsalnum í stað þess að borða matinn. Af þessu hlýst mikill sóðaskapur. Kokkurinn er ...

- a. ábyrgur fyrir sóðaskapnum sem af hlýst.
- b. ekki ábyrgur fyrir sóðaskapnum sem af hlýst.
- c. annað.

### Æfing 38: Hvað er raunverulegt?

Gögn: Ýmis orð og fullyrðingar sem vekja upp spurningar um hvað sé raunverulegt og hvað ekki. Orðin eru á spjöldum eða miðum.

Markmið: Hugtakagreining, að mynda sér skoðun, rökræða, færa rök fyrir skoðun sinni og gera sér grein fyrir þekkingarfræðilegum erfiðleikum.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Leiðbeinandi kemur með ýmis orð eða setningar á spjöldum sem vekja upp spurningar um hvað sé raunverulegt og hvað ekki. Flokka má orðin/setningarnar í þrjá flokka sem eru *Raunverulegt*, *Óraunverulegt* og *?*. Ef um fjölmennan hóp er að ræða má skrá þessa flokka á töflu en ef hópurinn er ekki svo stór má sitja við stórt



borð og leggja flokkana niður fyrir framan þátttakendur. Þátttakendur eru saman í pörum eða litlum hópum og draga spjöld, taka afstöðu til þess sem fram kemur og rökræða við félagi sína. Þegar pörin eða hóparnir hafa komist að niðurstöðu lesa þeir upp það orð eða setningu sem þeir fengu og ákveða hvort hér sé um að ræða eitthvað sem er *raunverulegt* eða *óraunverulegt*. Ef hópurinn er ekki viss eða ef um ágreining er að ræða má leggja orðið eða setninguna í flokkinn sem merktur er?. Pörin/hóparnir fá síðan að draga fleiri orð eða setningar og endurtaka leikinn nokkrum sinnum. Þegar hér er komið sögu hefur safnast saman fjöldi orða fyrir framan þátttakendur. Nú spyr stjórnandi hvort einhver vilji færa eitthvert þeirra, t.d. úr *raunverulegt* yfir í *óraunverulegt* eða öfugt. Þá er opnað fyrir samræður og óskað eftir því að þeir sem vilji tjá sig um einstaka orð eða setningu og færa á milli flokka rökstyðji mál sitt.

Pau orð og setningar sem má nota eru:

Ævintýri – draumur – draugur – bölvun – atóm – skoðun – dáiin manneskja – fjórir – þríhyrningur – framtíðin – fortíðin – ást – öfund – paradís – geimverur – Loch Ness skrímslið – álfar – spádómar – hugsun – endurholdgun – heimsendir – prinsessa – einhyrningur – Bermuda þríhyrningurinn – Batman – köttur með þrjár rófur – Elvis Presley – Jesús – guð – ofurhetja – himnaríki – helvíti – djöfullinn – þríhyrningur með fjórum hornum – kvæntur piparsveinn – lélegur brandari – bauganetið – eitthvað annað – eyja sem enginn hefur séð – maður sem hefur horfið – að ganga á vatni – sál –  $2+2=5$  –  $2+2=4$  – skáldsaga – kvikmynd – ókvæntur piparsveinn.

### Æfing 39. Er hægt að misskilja sjálfa(n) sig?

Gögn: Engin.

Markmið: Hugtakagreining á hugtakinu misskilningur og fleiri hugtökum.

Aldur: Unglingastig og eldri.

Lýsing: Leiðbeinandi les upp stuttar setningar. Síðan er efni þeirra rökrætt og fylgja með spurningar eða samræðuáætlun sem má byggja á.

Setningarnar:

Einu sinni var maður sem sagðist hafa misskilið sjálfan sig.

Svo var það kona sem sagðist hafa týnt sjálfri sér.

Og annar maður sem sagðist hafa svikið sjálfan sig.

Samræða:

Er hægt að misskilja sjálfa(n) sig?

Ef ég skil eitthvað hvað felst í því? Hvað er það að skilja?

Hvað er misskilningur?

Ef ég skil ekki eitthvað hvað þýðir það?



Ef ég get skilið eitthvað get ég þá líka ekki skilið það?

Hvað gerist ef ég misskil eitthvað? Finnið dæmi um misskilning.

Hver er munurinn á því að skilja ekki eitthvað og misskilja eitthvað?

Er hægt að skilja eitthvað rétt? Og er hægt að skilja eitthvað rangt?

Samanber „þetta er rangur skilningur“.

Ef ég get skilið eitthvað get ég þá líka misskilið það?

Er eitthvað sem ég get bara skilið en ekki misskilið?

Missýn, misheyrn, misskynjun (t.d. varðandi snertingu). Er það að misskilja sjálfa(n) sig?

Er hægt að týna sjálfri/sjálfum sér?

Er hægt að svíkja sjálfa(n) sig?

## F. Skapandi hugsun og ímyndunarafli

### Æfing 40: Hver hringdi?

Gögn: Frásögn, blöð, skriffæri.

Markmið: Að virkja ímyndunarafli, skapandi hugsun, samræður.

Aldur: Miðstígg og eldri.

Lýsing: Leiðbeinandi segir frá draumi unglingsstúlku: *Mig dreyndi að síminn væri að hringja, ég tók símann og reyndi að svara með því að ýta á svartakkann en ekkert gerðist. Síminn hringdi áfram og ítrekað reyndi ég að svara. Að lokum tókst mér að svara og sagði: „Hver er þetta? Og hvað viltu?“ En ég var of sein, sá eða sú sem hringdi hafði þá skellt á.*

Eftir að hafa heyrt drauminn skrifa þátttakendur niður svör við spurningunum tveimur sem stúlkan spurði. Hver var þetta og hvað vildi viðkomandi?

Svör þátttakenda kynnt ýmist með því að þeir lesa sjálfir upp svör sín eða að leiðbeinandi safnar þeim saman og les upp fyrir hópinn og kemur þá ekki fram hver svaraði hverju. Slíkt er gert í þeim tilvikum þegar þátttakendur eru óöruggir við að leggja verk sín í dóm annarra þátttakenda.

Samræður um svörin.

### Æfing 41: Maður á gægjum

Gögn: Frásögn, blöð skriffæri.

Markmið: Að virkja ímyndunarafli og efla skapandi hugsun, hugtakagreining, takast á við siðferðilegt álitamál, samræður.

Aldur: Unglingastígg og eldri.

Lýsing: Frásögnin sem notuð er í þessari æfingu er fengin úr bókinni *L'étre et le néant* eftir Jean-Paul Sartre.

Leiðbeinandi segir frá: *Maður nokkur er staddur fyrir framan herbergi á hóteli. Þetta gerist á þeim tíma þegar hurðir voru með skráargati. Maðurinn er á hnjánum upptekinn við að kíkja í gegnum skráargatið á eitthvað, einhvern eða einhverja inni í herberginu. Skyndilega verður hann var við fótatak fyrir aftan sig. Einhver hefur komið að honum þar sem hann liggur á gægjum.*

Þátttakendur svara eftirfarandi tveimur spurningum á blað:

1. Hvað var að gerast inni í herberginu?
2. Hvernig er upplifun hans og hvernig bregst hann við þegar hann verður var við einhvern fyrir aftan sig.

Svör þátttakenda kynnt, ýmist með því að þeir lesa þau sjálfir upp eða leiðbeinandi safnar þeim saman og les upp fyrir hópinn. Ef leiðbeinandi les upp svörin kemur

ekki fram hver svaraði hverju. Slíkt hentar vel í þeim tilvikum þar sem þátttakendur eru óöruggir við að leggja verk sín í dóm annarra þátttakenda.

Rökræður um svörin þar sem spyrja má m.a. eftirfarandi spurninga:

1. Hvað er það sem er þess virði að sjá svo maður væri til í að liggja á gægjum?
2. Hvernig líður honum þegar hann liggur á gægjum áður en hann verður var við fótatakið?
3. Hvaða tilfinningar kvikna þegar hann verður var við það að einhver sér hann liggja á gægjum?

Hér má rökræða nokkur algeng stef úr svokallaðri tilvistarheimspeki, s.s. skömm, stolt, ákafa, forvitni, heiðarleika o.s.frv. auk þess að spyrja hvaða merkingu augnaráð annarra hafi sem beinist að manni í mismunandi aðstæðum.

## Æfing 42: Hringur Gýges

Gögn: Málsgrein 359d–360b í *Ríkinu* eftir Platon, frétt af visir.is, 16.11.2012, skriffæri, blöð.

Markmið: Að virkja ímyndunarafli og efla skapandi hugsun, takast á við siðferðilegt álitamál, samræður.

Aldur: Unglingastig og eldri.

Lýsing: Lesinn er eftirfarandi texti úr *Ríkinu* eftir Platon þar sem fjallað er um Gýges sem gat gert sig ósýnilegan með því að snúa hring sem hann hafði á fingri sér (tilvitnun):

Þetta frelsi sem ég er að tala um fengist helst með því að veita mönnum einhvern þvílíkan mátt og sagt er að Gýges, forfaðir Lýdíumanssins, hafi eitt sinn fengið. Sagt er að hann hafi verið hjarðsveinn í þjónustu þess manns sem þá réði ríkjum í Lýdíu. Í kjölfar þrumuregns og jarðskjálfta brestur jörðin þar sem hann er með hjörð sína á beit svo að gjá myndast. Hann horfir á þetta undrandi og fer svo niður í gjána. Þar sér hann gullinn hest, holan að innan, auk margs annars sem um er getið í ævintýrum. Á hestinum eru op. Hann gægist inn og sér lík. Það er stærra en af manni og er nakið, nema hvað gullhringur er á fingri annarrar handar. Hann þrífur hringinn og fer. Þegar hirðarnir hittast næst, eins og þeir voru vanir að gera einu sinni í hverjum mánuði til að geta gefið konunginum mánaðarlega skýrslu um ástand hjarðanna, kemur Gýges þangað og ber hring sinn á fingri. Sem hann situr hjá hinum hirðunum, vill svo til að hann snýr steininum að sér, þannig að steinninn veit nú inn í lófann. Við þetta verður hann ósýnilegur sessunautum sínum sem ræða um hann sín á milli sem væri hann á bak og burt. Undrandi tekur hann aftur að handfjatla hringinn og snýr nú steininum aftur og verður hann þá sýnilegur á ný. Veltir hann nú þessu fyrir sér og sannreynir að hringurinn býr að sönnu yfir þessum mætti: sneri hann steininum inn varð hann ósýnilegur, sneri hann honum út, varð hann aftur sýnilegur. Þegar honum varð orðið þetta ljóst, hraðar hann sér að koma því í kring að hann er valinn í sveit sendimanna sem ganga skyldi á konungsfund. Er hann kemur til hallarinnar ...



Að lestri loknum svara þátttakendur eftirfarandi spurningu: Hvað heldur þú að Gýges hafi gert er hann kom til hallarinnar vitandi af þeim möguleika að geta gert sig ósýnilegan?

Bæði má gera þessa æfingu þannig að þátttakendur svara beint munnlega en einnig má láta þá skrifa svör sín niður og gefst þá oft betri tími til umhugsunar fyrir hvern og einn. Síðan ræða þeir svör sín og rökstyðja.

Pegar þátttakendur hafa rökrætt svör sín eru lok málsgreinarinnar lesin og þeir komast að því hvað Gýges gerði: *Er hann kemur til hallarinnar, drýgir hann hór með drottningu og ræðst með hennar hjálp á konung og drepur hann og sest sjálfur í hásetið.*

Kemur það þátttakendum á óvart hvað Gýges gerði?

Í framhaldi af lestri texta Platons um ósýnileikann má vísa í frétt á [visir.is](http://visir.is) um skref í átt að huliðshjálmum til að setja möguleikann á því að gera sig ósýnilegan í samhengi við raunveruleikann:

Vísindamönnum við Duke-háskóla í Bandaríkjunum tókst nýverið að hylja nokkurra rúmsentímetra demantslaga hylki fullkomlega í tilraun. Er þetta í fyrsta sinn sem tekst að gera hlut algjörlega ósýnilegan. Fjölmargar tilraunir hafa verið gerðar á síðustu árum þar sem reynt hefur verið að sveigja ljós eða bylgjur fram hjá hlutum klæddum ákveðnu efni þannig að þeir verði ósýnilegir. Þar til nú hefur hluti ljóssins þó ávallt endurspeglast með þeim afleiðingum að það svæði þar sem hlutinn er að finna lítur út fyrir að vera dekkra en umhverfið í kring. Það gerðist hins vegar ekki í nýju tilrauninni. Þó er ekki þar með sagt að hægt verði að kaupa huliðshjálmum í verslunum á næstunni. Sá galli er nefnilega á gjöf Njarðar að viðkomandi hlutur er einungis ósýnilegur úr einni átt auk þess sem enn er bara mögulegt að fela hann með örbylgjum en ekki sýnilegu ljósi. Hlutir sem eru huldir með þessari tækni eru því eftir sem áður sýnilegir mönnum þótt þeir geti til að mynda orðið ósýnilegir gagnvart radar-tækni. David Smith, einn vísindamannanna, telur tilraunina þó stórt skref fram á við. „Í fyrri rannsóknum hafa ekki verið búnir til nytsamlegir huliðshjálmar. Þessi gæti hins vegar reynst nytsamlegur,“ sagði Smith eftir tilraunina og bætti við: „Ég held að það sé klárlega hægt að byggja á þessari rannsókn.“

([visir.is](http://visir.is), 16.11.2012)

Frekari spurningar til að rökræða um ósýnileikann:

1. Hvernig myndi ranglátur maður nota þann hæfileika að geta gert sig ósýnilegan?
2. Hvernig myndi réttlátur maður nota þann hæfileika að geta gert sig ósýnilegan?
3. Hver er munurinn á réttlátum manni og ranglátum manni samkvæmt svörum við spurningum 1 og 2.
4. Hvort væri algengara að fólk gerði góða hluti eða slæma gæti það gert sig ósýnilegt?

## G. Hvað skiptir máli? - Um mikilvægi

### Æfing 43: Hvað skiptir mestu máli í skólanum?

Gögn: Átján setningar sem fylgja hér að neðan. Rautt spjald og grænt spjald.

Markmið: Að meta og taka afstöðu til þess hvað er mikilvægt og hvað síður mikilvægt í skólastarfi, samræður.

Aldur: Unglingastig og eldri.

Lýsing: Leiðbeinandi er með tvö spjöld, annað grænt og hitt rautt fyrir framan sig. Hann biður einn þátttakanda í senn að velja sér tvær tölur á bilinu 1–18. Á bak við tölurnar eru setningar sem eru lýsandi fyrir ýmsa þætti skólastarfs sem þátttakendur vita ekki hverjir eru þegar þeir velja tölurnar. Gott er að hafa setningarnar útprentaðar og klipptar niður:

1. Læra að reikna.
2. Upplifa ýmislegt.
3. Fá góðar einkunnir á prófum.
4. Tileinka sér skapandi og gagnrýna hugsun.
5. Leggja stund á listir (s.s. myndlist, tónlist, leiklist).
6. Læra að trúá á guð.
7. Búa til eitthvað.
8. Öðlast þekkingu á staðreyndum.
9. Að snúðar með súkkulaði séu seldir í frímínútum á föstudögum.
10. Kynnast fólki og eignast vini.
11. Finna tilgang lífsins.
12. Takast á við siðferðileg álitamál.
13. Læra tungumál.
14. Verða hamingjusöm/hamingjusamur
15. Stunda hreyfingu, íþróttir og útvist.
16. Undirbúa sig undir atvinnulífið.
17. Rökræða og skiptast á skoðunum.
18. Ritun.

Fyrsti þátttakandinn velur tvær tölur og metur hvor kosturinn sem tölurnar vísa til skiptir meira máli í skólanum. Þátttakandi velur t.d. 7 og 13. Leiðbeinandi spyr þann sem valdi tölurnar hvort skipti meira máli í skólanum að búa til eitthvað (númer 7) eða læra tungumál (númer 13).





Ef þátttakandi ákveður að númer 7 skipti meira máli en númer 13 þá leggur leiðbeinandi miða með atriði númer 7 á græna spjaldið og atriði númer 13 á rauða spjaldið. Það sem fer á rauða spjaldið er fallið úr leik en þegar búið verður að velja allar tölurnar einu sinni er farin önnur umferð og valið úr það sem fór á græna spjaldið uns eitt atriði stendur eftir sem það mikilvægasta í skólstarfi.

Í síðasta hluta þessa verkefnis mega þátttakendur tilgreina einhver þrjú atriði sem lentu á rauða spjaldinu sem þeir vilja *bjarga*, þ.e. sem þeir hefðu viljað sjá á græna spjaldinu.

Mikilvægt er að þátttakendur rökstyðji val sitt vel og sjálfsagt er að samræður í hópnum eigi sér stað um hvert val og einnig í lokin þegar búið er að flokka öll efnisatriðin.

### Æfing 44: Hver er besti kosturinn?

Gögn: Valkostir sem fylgja hér að neðan.

Markmið: Að veða og meta ólíka kosti sem standa manni til boða áður en ákvörðun er tekin, samræða.

Aldur: Allur aldur.

Lýsing: Í lífinu stendur maður iðulega frammi fyrir ýmsum valkostum. Oftar en ekki kemur það fyrir að allir kostirnir eru slæmir og þá er að finna út hver sé sá skásti. Þessari æfingu er ætlað að fá þátttakendur til að standa frammi fyrir erfiðu vali, veða og meta kosti og ókosti og taka afstöðu. Gefnir eru ýmist upp tveir eða þrjú valkostir og velja þátttakendur einn af þeim og rökstyðja afstöðu sína.

1. Myndir þú vilja villast í
  - a. frumskógi?
  - b. eyðimörk?
  - c. píramíða?
2. Myndir þú vilja vera
  - a. gáfuðust/gáfaðastur í heimi?
  - b. fyndnust/fyndnastur í heimi?
  - c. fallegust/fallegastur í heimi?
3. Myndir þú vilja skipta um líf við
  - a. kött?
  - b. hest?
  - c. fugl?

4. Myndir þú vilja missa
  - a. minnið?
  - b. vini þína?
  - c. fjölskyldu þína?
5. Hvaða ofurkraft myndir þú vilja hafa?
  - a. Geta minnkað þig og stækkað að vild.
  - b. Vera gríðarlega sterk(ur).
  - c. Geta orðið ósýnileg(ur).
6. Ef þú mættir aldrei framar nota eitt af eftirtöldu hvað myndi það að vera?
  - a. Vélknúin ökutæki, s.s. bílar og vélhjól.
  - b. Tölvur.
  - c. Flugvélar.
7. Hvort myndir þú vilja
  - a. finna vonda lykt af öðrum alla þína ævi?
  - b. finna ekki vonda lykt af öðrum en að aðrir fyndu alltaf vonda lykt af þér?
8. Hvort myndir þú vilja
  - a. vera rík(ur) og eiga maka sem elskar þig ekki?
  - b. vera fátæk(ur) og eiga maka sem elskar þig?

Í framhaldi af þessum æfingum geta þátttakendur sjálfir búið til sín eigin dæmi og lagt fyrir aðra.

### Æfing 45: Eyðieyjan

Gögn: Blöð og skriffæri, tafla til þess að skrifa á eða stór pappírsspjöld.

Markmið: Að átta sig á gildismati, hvað skipti máli í lífinu, taka afstöðu og rökstyðja afstöðu sína, samræða.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Þátttakendur vinna einir eða í smærri hópum. Þeir byrja á því að ímynda sér að þeir séu staddir aleinir á eyðieyju úti á miðju hafi. Hvers vegna þeir eru þar er opið til ákvörðunar hverju sinni. Það gæti verið vegna þess að þeir hafa lent í því að stranda skipi, þeir geta hafa verið í flugvél sem hrapaði eða þeir gætu hafa ákveðið að fara þangað sjálfir og ætlað að dvelja þar um nokkurra mánaða skeið. Leiðbeinandi getur ákveðið ástæður dvalarinnar eða þátttakendur geta kosið um þær áður en verkefnið hefst.



Þátttakendur skrifa niður svör við eftirfarandi spurningu: Hvaða myndir þú/þið helst vilja hafa með þér/ykkur á eyjuna. Nefnið 3–5 hluti (hlutir hér þýðir ekki bara efnislegir hlutir heldur getur verið fólk, dýr og jafnvel hugtök, s.s. þolinmæði, þakklæti o.s.frv.). Fjöldi hluta fer eftir því hvort verkefnið er unnið af hverjum þátttakanda fyrir sig eða í smærri hópum. Ef hver þátttakandi velur fyrir sig er mátulegt að velja þrjá hluti en ef verkefnið er unnið í hópum er sjálfsagt að hópurinn komi sér saman um fleiri hluti.

Þátttakendur rökstyðja val sitt.

Nú gera þátttakendur grein fyrir vali sínu og leiðbeinandi skrifar hlutina upp á töflu. Þátttakendur rökstyðja val sitt en rökstuðninginn þarf ekki að skrifa á töfluna.

Þegar allir hafa gert grein fyrir vali sínu eru þátttakendur beðnir um að svara eftirfarandi spurningu: Ef þú mættir taka einhvern hlut/hluti frá öðrum og bæta við þína hluti til að hafa á eyjunni hvað myndir þú taka og hvers vegna? Þátttakendur svara spurningunni skriflega.

Nú gera þátttakendur grein fyrir vali sínu og leiðbeinandi stríkar hlutinn út hjá þeim sem hafði hann upphaflega og bætir honum við listann hjá þeim sem tók(u) hann.

Samræður:

Hver var ástæðan fyrir því hvaða hlutir voru teknir og frá hverjum?

Hvaða hlutir eru líklegastir til þess að tryggja gott líf á eyjunni?

Er hægt að meta það hvort einhver þátttakandi/hópur sé sigurvegari í þessu verkefni? Færi það val eftir fjölda hluta, gagnsemi þeirra eða einhverju öðru?

Praktísk ábending um útfærslu:

Þetta verkefni má vinna bæði í stórum hópum og smáum. Ef um stóran hóp er að ræða, t.d. þrjátíu manna, er of tímafrekt fyrir leiðbeinanda að skrifa upp alla hlutina sem þátttakendur velja en þá má láta hópana sem eru fimm til sex manna fá stór blöð og skrifa hlutina sem þeir velja á blöðin sem eru síðan límd upp. Þannig geta allir séð alla þá hluti sem valdir voru.

## Æfing 46: Þarfir eða gerviþarfir?

Gögn: Spjöld sem leiðbeinandi hefur tilbúin og á eru skrifuð ýmis atriði sem hafa með þarfir og gerviþarfir að gera.

Markmið: Að átta sig á gildismati, hvað skipti máli í lífinu, taka afstöðu og rökstyðja afstöðu sína, samræða.

Aldur: Miðstig og eldri.

Lýsing: Leiðbeinandi er með tilbúin spjöld. Á hverju spjaldi stendur eitt atriði sem hefur með þarfir, mismikilvægar að gera:

bíó – ípod – dvd – sjónvarp – nammidagur – fartölva – trúarbrögð – tannbursti – grafreitir – danska – bíll – sturta – líkamsrækt – kindur – sápa – mjólk – utanlandsferð – vatn – gleraugu – kýr – rúm – skóli – bækur – kennarar – foreldrar – lífsleikni

– stærðfræði – eðlisfræði – hjólabretti – úlpa – hjól – strigaskór – gallabuxur – Stöð 2 – skartgripir – klukka – hamingja – vinir – tré – annað fólk – ást – hús – klósettpappír – matur – pítsa – blóm – vinna – sumarfrí – enska.

Það fer eftir fjölda þátttakenda hvernig verkefnið er unnið. Ef þátttakendur eru fáir, þ.e. um það bil tólf eða færri, má sitja saman við stórt borð og nota borðið til að leggja spjöldin á. Ef þátttakendur eru fleiri má nota töflu og líma spjöldin á töfluna í stað þess að leggja þau á borðið.

Þátttakendur vinna saman í pörum eða smærri hópum. Hvert par eða hópur dregur eitt spjald hjá leiðbeinanda og tekur sér tíma til að meta hvort það sem stendur á spjaldinu sé flokkað sem *nauðsynlegt*, *ónauðsynlegt* eða *ekki nauðsynlegt heldur æskilegt*.

Í smærri hópum sem vinna við stórt borð eru flokkarnir þrír á borðinu fyrir framan en í stórum hópum eru flokkarnir þrír skráðir á töfluna.

Þegar allir hafa metið það sem þeir fengu gera pörin/hóparnir grein fyrir afstöðu sinni og setja spjöldin á viðeigandi stað á borðinu/töflunni. Þegar hér er komið sögu þarf ekki að rökstyðja afstöðu sína þó vissulega megi útfæra verkefnið þannig að afstaðan sé rökstudd strax.

Farnar eru fleiri umferðir og pörin/hóparnir draga fleiri spjöld og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þegar búið er að fara yfir góðan slatta af spjöldum eru þátttakendur spurðir að því hvort einhver vilji gera athugasemd við einhverja ákvörðun sem komið hefur fram. Viðkomandi er beðin(n) um að gera grein fyrir athugasemd sinni og færa rök fyrir því hvers vegna eitthvað ætti að falla í annan flokk, t.d. úr *nauðsynlegu* yfir í *ónauðsynlegt*.

Leiðbeinandi flytur spjaldið úr einum flokki yfir í annan í samræmi við vilja síðasta ræðumanns. Ef þeir sem röðuðu spjaldinu niður upphaflega vilja gera athugasemd mega þeir gera það og geta því fært spjaldið aftur í sinn upphaflega flokk.

Þetta verkefni getur gengið svo lengi sem einhver gerir athugasemdir og vill færa spjald yfir í annan flokk og rökstyðja val sitt.

Samræður:

Hver er munurinn á þörf og gervipörf?

Er hægt að skapa þarfir hjá einhverjum, þarfir sem viðkomandi hafði ekki áður?

Eru einhverjir sem vinna við það að skapa þarfir hjá öðrum?

Hver er munurinn á þörf, löngun og vilja?



## Æfing 47: Hvað stuðlar að hamingju og óhamingju?

Gögn: Blöð, skriffæri.

Markmið: Greining á hamingjuhugtakinu, heimspekileg samræða um hamingjuna.

Aldur: Unglingastig og eldri.

Lýsing: Þátttakendur eru með tvö blöð og skrá niður svör við tveimur spurningum. Á annað blaðið skrá þeir niður eins mörg svör og þeim dettur í hug á ákveðnum tíma við spurningunni: a) Hvað telur þú að sé líklegt til þess að gera fólk óhamingjusamt? Á hitt blaðið blaðið skrá þeir niður eins mörg svör og þeim dettur í hug á ákveðnum tíma við spurningunni: b) Hvað telur þú að sé líklegt til þess að gera fólk hamingjusamt?

Svör þátttakenda lesin upp, rökrædd og metið hvort það sem fram kemur sé til þess fallið að stuðla að hamingju eða óhamingju.

Þegar svör þátttakenda hafa verið tekin fyrir, metin og rökrædd eru fimm atriði valin sem helst eru til þess fallin að stuðla að hamingju fólks og önnur fimm valin sem eru allra síst til þess fallin að stuðla að hamingju.

Samræður:

Er það rétt að sérhver einstaklingur sé ábyrgur fyrir eigin hamingju?

Geta erfiðleikar stuðlað að hamingju?

Hvort skiptir meira máli til þess að vera hamingjusöm (-samur) hugarástand eða ytri aðstæður?

Getur verið að suma langi til þess að gera eitthvað sem stangast á við hamingju þeirra?

Hver er munurinn á hamingju og gleði?

Hvernig myndir þú skilgreina hamingju?

## H. Siðfræði, siðferðileg álitamál og heimspekilegar hversdagsklípur

### Æfingar 48–58

Gögn: Skriffæri, blöð, klípusögur sem hér fara á eftir. Flestar þeirra byggja á raunverulegum atburðum.

Markmið: Að taka afstöðu til álitamála, færa rök fyrir afstöðu sinni, samræða.

Lýsing: Leiðbeinandi les upp klípusögu. Oft er skemmtilegt og skapar eftirvæntingu að teikna atburðarásina á töflu um leið og sagan er sögð. Þá má óska eftir sjálfboðaliðum úr hópi þátttakenda til að lána nöfnin sín þannig að þær persónur sem koma við sögu fái nöfn. Eftir lesturinn fá þátttakendur nokkrar mínútur til þess að mynda sér skoðun á málinu. Það má hvort heldur sem er gera eingöngu munnlega eða með því að þeir skrifa niður afstöðu sína ásamt rökstuðningi. Þátttakendur gera grein fyrir sjónamiðum sínum og rökræða.

### Æfing 48: Inneignarnótan í húsgagnaversluninni

Aldur: Unglingastig og eldri.

Þú kaupir stóran fataskáp í húsgagnaverslun sem þú færð sendan heim. Skáphurðirnar eru spegill og þegar þú tekur skápinn úr umbúðunum og ert að fara að setja hann saman sérðu að það er sprunga í speglinum. Þú hringir og kvartar yfir þessu og þér er sagt að þú getir fengið nýjar hurðir en ekki sé vitað hvenær von sé á sendingu en það verði allavega ekki á næstunni. Þú lætur þar við sitja. Nokkrum dögum síðar færðu senda inneignarnótu upp á kr. 15.000 sem þú gerir ráð fyrir að sé þín trygging fyrir nýjum hurðum þegar þær koma.

Nokkrum vikum síðar gerist það einn daginn að sendiferðabíll kemur með nýjar hurðir heim til þín. Þú áttir ekki von á þessari sendingu og varst ekki heima. Dóttir þín 13 ára hleypti starfsmanninum inn með hurðirnar.

Nú er staðan sú að þú ert bæði með nýjar hurðir og inneignarnótu upp á kr. 15.000. Hvað gerir þú við inneignarnótuna? Færðu rök fyrir skoðun þinni.

### Æfing 49: Inneignarnótan í fataversluninni

Aldur: Unglingastig og eldri.

Maður nokkur á mjög háa inneignarnótu í fataverslun. Hann ætlar að kaupa kjól handa konunni sinni en er búinn að týna nóttunni. Hann fer í verslunina og man búðarmaðurinn eftir honum og er til í að skrá þetta hjá sér án þess að nótan sé afhent. Hann fær kjólinn. Löngu síðar finnst inneignarnótan og hann fer með hana í búðina og kaupir jakkaföt þar sem hann var búinn að gleyma því að hann hafði





Þegar nýtt sér inneign nóttunnar án þess að afhenda hana. Þegar heim er komið rifjast það upp fyrir honum að hann var búinn að taka út á nóttuna.

1. Hvað ætti maðurinn að gera?
2. Hvað myndir þú gera?
3. Borgar sig að vera heiðarleg(ur)?

Það sem gerðist:

Það sem gerðist í þessu tilviki var það að maðurinn fór aftur í verslunina og gerði grein fyrir málinu. Verslunareigandinn brást þannig við að hann leyfði honum að halda bæði kjólnum og jakkafötunum án þess að rukka fyrir.

## Æfing 50: Innleggjin

Aldur: Unglingastig og eldri.

Unglingspiltur fór með móður sinni í göngugreiningu. Í ljós kom að pilturinn þurfti á innleggjum í skó að halda. Nokkrum dögum síðar fer móðir pilsins og sækir innleggjin sem þá voru tilbúin. Er henni sagt að búið sé að greiða fyrir innleggjin en hún var viss um að svo væri ekki. Þrátt fyrir að móðirin hafi sagt að ekki hafi verið greitt fyrir innleggjin þá gaf starfsmaðurinn í afgreiðslunni sig ekki og ítrekaði að það væri búið að greiða fyrir umrædd innlegg. Móðirin tók því og fór heim. Nokkrum dögum síðar kvartar pilturinn undan því að honum finnst innleggjin ekki virka nógu vel. Vöknuðu grunsemdir um að hann hafi ekki fengið rétt innlegg. Fór hann ásamt föður sínum til fundar við þann sem sá um göngugreinunguna þar sem það fékkst staðfest að um röng innlegg væri að ræða. Göngugreinandinn fór fram í afgreiðslu og sótti réttu innleggjin og lét þau í skóna og sagði *hér hefur þú það, þetta eru réttu innleggjin*. Nú var komin skýring á því hversvegna afgreiðslumaðurinn sagði að búið hafi verið að greiða fyrir innleggjin.

1. Áttu feðgarnir að láta vita að ekki væri búið að greiða fyrir innleggjin, eða áttu þeir að þakka fyrir sig og ganga út þar sem ekki var rukkað sérstaklega og afgreiðslumaðurinn var áður búinn að segja að innleggjin væru þegar greidd?
2. Hvað myndir þú gera í sporum feðganna?
3. Hvað heldur þú að feðgarnir hafi gert?
4. Borgar sig að vera heiðarleg(ur)?

Það sem gerðist:

Það sem feðgarnir gerðu var að láta göngugreinandann vita af því að þeir hefðu aldrei greitt fyrir innleggjin. Þá sagði göngugreinandinn að þeir þyrftu ekki að borga vegna þessara mistaka í afhendingu.

## Æfing 51: Rótað í ruslagámi

Aldur: Unglingastig og eldri.

Unglingur rótar í ólæstum ruslagámi fyrir utan raftækjaverslun og finnur þar ýmislegt nýtilegt. Margt af því sem þar er að finna er ónotað og óskemmt fyrir utan smávægilega útlitsgalla t.d. rispúr eftir flutninga. Dag nokkur finnur hann rafmagnsgítar í gáminum sem er með slitna strengi og dálítið rispaður en að öðru leyti alveg heill. Hann tekur gítarinn úr gámnum og gefur hann í jólagjöf.

1. Var í lagi að hann tæki gítarinn úr gámnum?
2. Er það sem hann gerði þjófnaður?
3. Hver á það sem er í ruslagámnum?
4. Hvað á sá að gera sem fær svona gjöf, ef vitað er að gjöfin er fengin með þessum hætti?

## Æfing 52: Seðlaveskið

Aldur: Unglingastig og eldri.

Þessa sögu sagði unglingur. Leiðbeinandi les eða þátttakendur gera það sjálfir. Síðan er efni frásagnarinnar rökrætt og fylgja með spurningar eða samræðuáætlun sem má byggja á:

*Einu sinni var ég í bakaríi með mömmu og pabba. Ég sá veski á gólfinu, tók það upp, opnaði það og sá að í því voru kr. 50.000. Í veskinu voru líka kort með nafni eigandans. Ég fór heim með veskið, fletti nafninu upp á netinu, hringdi í manninn sem kom og sótti það. Hann gaf mér 5000 krónur í fundarlaun.*

Brjóta má frásögnina upp og byrja á því að segja segja fyrri hlutann þ.e. um fund veskisins og hvað var í því og spyrja í framhaldi af því:

1. Hvað hefðir þú gert hefðir þú verið í sporum finnandans? Hefðir þú skilað veskinu eða haldið því, hefðir þú tekið eitthvað úr því og komið einhverju til skila?
2. Eru 5000 krónur sanngjörn fundarlaun?
3. Er sjálfsagt að fólk fái fundarlaun finni það einhver verðmæti?
4. Borgaði heiðarleikinn sig í þessu tilviki?

## Æfing 53: Hjá tannlækni

Aldur: Unglingastig og eldri.

Þú ert hjá tannlækni. Tannlæknirinn er að setja í þig rándýra tannkrónu þegar hann missir hana uppi í þér. Þú bregst ósjálfrátt við á þann hátt að þú gleypir tannkrónuna. Hvað gerir þú og hversvegna?

1. Kaupi nýja tönn.
2. Fer fram á að tannlæknirinn kaupi nýja tönn.



3. Óska eftir því að við tannlæknirinn að við deilum kostnaði við að fá nýja tönn.
4. Fylgist vel með hægðum næstu daga og reyni að finna hana þar.
5. Eitthvað annað, hvað?

Hvernig heldur þú að tannlæknirinn og skjólstæðingur hans sem í þessu lenti hafi brugðist við?

Það sem gerðist:

Sá sem gleypiti tannkrónuna beið eftir því að hún skilaði sér, síðan var hún sótthreinsuð og svo notuð.

## Æfing 54: Innbrotið

Aldur: Unglingastig og eldri.

Nágranni þinn rekur litla verslun á jarðhæðinni í húsi sínu. Sjálfur býr hann ásamt fjölskyldu sinni á efri hæð hússins. Þú veist að nágranni þinn er ekki heima þegar þú vaknar um nótt og sérð út um gluggann að innbrotspjófvar eru að athafna sig í húsinu. Þjófavarnarkerfi hefur farið af stað en þeir virðast ekki láta það hafa áhrif á sig. Ekkert ljós kviknar í húsunum í kring og þó nokkrar mínútur líði gerist ekkert annað en það að innbrotspjófarnir halda áfram að athafna sig inni í versluninni. Innbrotspjófarnir eru tveir ungir menn sem komu á vélhjól.

Hvað gerir þú og hvers vegna?

Það sem gerðist:

Þetta átti sér stað í Belgíu og voru það tveir ungir íslenskir námsmenn sem urðu vitni að innbrotinu. Þeir bíða átektu til þess að athuga hvernig aðrir nágrannar bregðast við. Þegar þeir gera sér grein fyrir því að aðrir nágrannar ætli sér ekki að skipta sér af, hringja þeir í lögregluna. Lögreglan kemur en þá eru þjófarnir farnir. Annar námsmannanna fer út þegar lögreglan er komin og gefur skýrslu. Þar sem hann situr í lögreglubílnum sér hann þjófana fara framhjá á vélhjólunum og nást þeir. Daginn eftir segir annar námsmaðurinn stoltur nokkrum belgískum vinum frá þessu ævintýri næturinnar. Viðbrögðin urðu hinsvegar önnur en hann átti von á: *Hva, voru þið að hjálpa löggunni?* spurðu Belgarnir.

Samræða:

Hvað finnst þér um afstöðu Belganna?

Hver gæti skýringin verið á þessari afstöðu?

## Æfing 55: Að hitta aðra manneskju í alveg eins fötum

Aldur: Unglingastig og eldri.

Fegurðardrottningin og söngkonan virðast hafa svipaðan fatasmekk ef marka má kjólaval þeirra undanfarna daga. Fegurðardrottningin mætti í bleikum, rauðum og appelsínugulum kjól með blómamynstri og silfurlitri pallíetturönd í brúðkaupsveislu. Athygli vakti að söngkonan mætti í nákvæmlega eins kjól í sömu

veisluna. Kjóllinn góði er úr þekktri tískuvöruverslun en aðeins fimm eintök komu til landsins.

Ef þú myndir lenda í svipaðri stöðu og fegurðardrottningin og söngkonan og taka eftir því að á mannamóti er önnur manneskju í alveg nákvæmlega eins fötum og þú, hvað myndir þú gera?

1. Ekkert því mér fyndist það ekkert mál.
2. Ég myndi drífa mig heim og skipta um föt.
3. Ég myndi reyna að vera ekki nálægt þessari manneskju í þeirri von að enginn tæki eftir þessu.
4. Eitthvað annað. Hvað?

### Æfing 56: Snyrtivörukaupin

Aldur: Unglingastig og eldri.

Í þessari æfingu er stuðst við frétt um snyrtivörur sem innihéldu kollagen sem unnið var úr húð líflátinna fanga og úr fóstrum. Leiðbeinandi les upp fréttina eða þátttakendur gera það sjálfir. Síðan er efni hennar rökrætt og fylgja með spurningar eða samræðuáætlun sem má byggja á:

*Fréttir bárust af því um miðjan mánuðinn að kínverskt fyrirtæki framleiddi snyrtivörur sem innihéldu kollagen unnið úr húð líflátinna fanga og úr fóstrum. Í frétt breska dagblaðsins The Guardian var greint frá því að þessar vörur væru framleiddar fyrir Evrópumarkað. Tvö augljós vandamál blasa við, annað þeirra er siðferðileg spurning um réttmæti upprunans, en hins vegar hafa menn áhyggjur af því að kollagen framleitt úr mönnum geti borið með sér vírusa á borð við lifrabólgu og Creutzfeldt-Jakob sjúkdóminn. Þetta hefur ekki verið sannað en vitað er um alvarleg ofnæmisviðbrögð. (Fréttablaðið, 26.09.2005)*

Þú ferð í snyrtivöruverslun til þess að kaupa þér snyrtivörur og þar er þér sagt að til séu þessar frábæru snyrtivörur sem innihalda kollagen unnið úr húð líflátinna fanga og úr fóstrum.

Hvernig bregstu við?

- a. Mér líst vel á.
- b. Mér líst alls ekki vel á en segi ekkert.
- c. Mér líst mjög illa á og læt afgreiðslufólkið sko heyra það.
- d. Annað. Hvað?

Samræða:

Er rangt að framleiða snyrtivörur sem innihalda kollagen sem framleitt er úr húð líflátinna fanga og úr fóstrum?

## Æfing 57: Fundið fé

Aldur: Unglingastig og eldri.

Í þessari æfingu er stuðst við frétt um mann í Argentínu sem keypti sér skyrtu. Leiðbeinandi les upp fréttina eða þátttakendur gera það sjálfir. Síðan er efni hennar rökrætt og fylgja með spurningar eða samræðuáætlun sem má byggja á:

*Argentínumaður nokkur sem dreif sig inn í verslun sem selur notuð föt í Buenos Aires fann hvorki meira né minna en seðlabúnt upp á 250 þúsund krónur í skyrtuvasa á flík sem hann keypti sér í búðinni. Skyrtumaðurinn, sem heitir Claudio, var fljótur að drífa sig aftur í búðina til að skila peningunum. Sagði hann búðarmanninum frá málavöxtum og saman lögðu þeir mikla vinnu á sig til að finna fyrrverandi eiganda skyrtunnar og skila honum fénu. Hin réttmæti eigandi peninganna, Patricia Grieco, hafði selt skyrtuna, sem faðir hennar heitinn hafði áður átt, vegna peningaleysis og létttrar buddu. „Ég er sannfærð um að heimur batnandi fer og að manneskjan er í öðli sínu góð, eftir þessa ánægjulegu lífsreynslu,“ sagði Patricia, alveg bit á heiðarleika Claudio. (Fréttablaðið, 21.04.2005)*

Samræðuspurningar:

Hvað myndir þú gera værir þú í sporum Argentínumannsins?

Ef þú ert í verslun og færð of mikið til baka hvað gerir þú?

Er sanngjarnt að segja: Sá á fund sem finnur?

## Æfing 58: Konan reyndist vera karl

Aldur: Unglingastig og eldri.

Í þessari æfingu er stuðst við frétt um karla sem fóru út að skemmta sér. Leiðbeinandi les upp fréttina eða þátttakendur gera það sjálfir. Síðan er efni hennar rökrætt og fylgja með spurningar eða samræðuáætlun sem má byggja á:

*Til grimmilegra átaka kom í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags. Tveir slösuðust og þykir mesta mildi að ekki skyldi fara verr en raun varð á.*

*Forsaga atburðarins er sú, að tveir menn buðu þremur stúlkum með sér heim eftir að hafa hitt þær á skemmtistað. Fór vel á með fólkinu, sem leiddi til þess að annar karlmaðurinn og ein stúlkanna fóru inn í herbergi í íbúðinni, meðan hin þrjú dvöldu frammi í stofu. Parið í herberginu fór að láta vel hvort að öðru en þegar lengra dró og stúlkan hóf að fækka fötum kom í ljós að hún var vaxin niður sem karlmaður.*

*Við þessa uppgötvun trylltist maðurinn, réðst á gest sinn, barði hann og tók hann kverkataki. Hann hafði haldið takinu drjúga stund þegar gestur hans náði taki á járnstöng og barði hann í höfuðið. Við höggið losaði maðurinn takið en hann hlaut stóran skurð á höfuðið, sem þurfti að láta sauma. Aðrir íbúar í húsinu kölluðu á lögreglu skömmu eftir að atgangurinn hófst. (visir.is, 07.02.2007)*

Samræða:

Hvor gerði verri hlut í fréttinni hér að framan, karlinn sem villti á sér heimildir og þóttist vera kona eða karlinn sem brást við með því að beita ofbeldi?

## Æfing 59: Um mannleg samskipti, réttindi, virðingu og ofbeldi

**Gögn:** Fullyrðingar sem þátttakendur draga og taka afstöðu til. Spjöld sem lögð eru á borð eða hengd á töflu og liggja til grundvallar ákvörðunum þátttakenda þegar þeir meta fullyrðingarnar. Á spjöldunum stendur *sammála*, *ósammála* og ?.

**Markmið:** Að mynda sér skoðun á ýmsum álitamálum sem hafa með mannleg samskipti að gera. Samræður.

**Aldur:** Unglingastig og eldri.

**Lýsing:** Leiðbeinandi er með spjöld sem á standa ýmsar fullyrðingar og skoðanir um ýmis álitamál sem hafa með mannleg samskipti að gera. Þátttakendur draga spjöld, mynda sér skoðun á því sem þar stendur, gera grein fyrir skoðun sinni, færa rök fyrir henni og rökræða við félagana sína. Það fer eftir fjölda þátttakenda hvernig verkefnið er unnið. Ef þátttakendur eru fáir, þ.e. um það bil tólf eða færri má sitja saman við stórt borð og nota borðið til að leggja spjöldin á. Ef þátttakendur eru fleiri má nota töflu og líma spjöldin á töfluna í stað þess að leggja þau á borðið.

Þátttakendur vinna saman í pörum eða smærri hópum. Hvert par eða hópur dregur eitt spjald með fullyrðingu hjá leiðbeinanda og tekur sér tíma til að meta í hvaða flokk fullyrðingin sem dregin var fari, þ.e. *sammála*, *ósammála* eða ?.

Í smærri hópum sem vinna við stórt borð eru flokkarnir þrír *sammála*, *ósammála* og ? á borðinu fyrir framan en í stórum hópum eru flokkarnir þrír skráðir á töfluna.

Þegar allir hafa metið þá fullyrðingu sem þeir fengu gera pörin/hóparnir grein fyrir afstöðu sinni og setja fullyrðingarnar í viðeigandi flokk á borðinu/töflunni. Þegar hér er komið sögu þarf ekki að rökstyðja afstöðu sína þó vissulega megi útfæra verkefnið þannig að afstaðan sé rökstudd strax.

Farnar eru fleiri umferðir og pörin/hóparnir draga fleiri spjöld og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þegar búið er að fara yfir góðan slatta af spjöldum eru þátttakendur spurðir að því hvort einhver vilji gera athugasemd við einhverja ákvörðun sem komið hefur fram. Viðkomandi er beðin(n) um að gera grein fyrir athugasemd sinni og færa rök fyrir því hvers vegna eitthvað ætti að falla í annan flokk, t.d. úr *sammála* yfir í *ósammála*.

Leiðbeinandi flytur spjalðið úr einum flokki yfir í annan í samræmi við vilja síðasta ræðumanns. Ef þeir sem röðuðu spjaldinu niður upphaflega vilja gera athugasemd mega þeir gera það og geta því fært spjalðið aftur í sinn upphaflega flokk.

Þetta verkefni getur gengið svo lengi sem einhver gerir athugasemdir og vill færa spjald yfir í annan flokk og rökstyðja val sitt.

Fullyrðingarnar sem notaðar eru í þessari æfingu eru:

Það er í lagi að dreifa myndum af fólki. Sá/sú sem tekur myndirnar á þær og má gera það sem hann/hún vill við þær. – Stelpur sem eru klæddar eins og „hóru“ geta bara sjálfum sér um kennt ef þær verða fyrir kynferðislegri áreitni. – Strákar verða aldrei fyrir kynferðislegri áreitni. – Ef einhver er að áreita mann þá eru mjög miklar líkur á að hann/hún sé hrifin(n) af manni. – Að baktala einhvern er allt í lagi ef sá sem talað er um veit ekki af því. – Ef eitthvað á



að teljast ofbeldi gagnvart annarri manneskju þá verður að sjá á henni líkamlega. – Sumir eiga það skilið að maður sé leiðinlegur við þá. – Ef einhver er með myndir af mér má hann/hún ekki birta þær nema með mínu leyfi. – Ég má skrifa það sem ég vil um aðra á mína síðu (Facebook-síðu, bloggsíðu) vegna þess að ég á síðuna. – Ef það er einhver í skólanum sem enginn talar við þá þarf ég ekki að tala við viðkomandi. – Ofbeldisfullir tölvuleikir auka líkur á því að þeir sem nota þá verði ofbeldisfullir. – Ef einhver hefur verið að leggja mig í einelti þá hef ég rétt á að ráðast á þá manneskju og fá til þess aðstoð (t.d. frá systkinum) ef ég þarf. – Sumir eiga það skilið að vera lagðir í einelti fyrir það hvernig þeir hafa hagað sér. – Ef mér líkar illa við einhvern þá er betra að sá heyri það heldur en að ég sé að tala um það við vini mína án þess að viðkomandi fái að vita. – Það er alltaf rétt að refsa þeim sem hafa komið illa fram við aðra. – Það er ekki alltaf rangt að beita ofbeldi. – Það er alltaf rangt að beita ofbeldi. – Strákar eru ofbeldisfyllri en stelpur. – Strákar baktala meira en stelpur. – Það er slæmt að vera ósammála einhverjum. – Þeir sem verða fyrir einelti ættu að skipta um skóla til þess að losna við eineltið. – Þeir sem leggja í einelti ættu að vera sendir í annan skóla.

# I. Gagnrýnin hugsun og efahyggja

## Æfing 6o: Dularfullt?

Gögn: Fullyrðingar sem vísa til einhvers sem skilja má sem dularfullt og þátttakendur draga og taka afstöðu til. Spjöld sem lögð eru á borð eða hengd á töflu og liggja til grundvallar ákvörðunum þátttakenda þegar þeir meta fullyrðingarnar. Á spjöldunum stendur *sammála*, *ósammála* og ?.

Markmið: Greining á hugtakinu dularfullt, að mynda sér skoðun, samræða, færa rök fyrir skoðun sinni og gera sér grein fyrir þekkingarfræðilegum erfiðleikum.

Aldur: Unglingastig og eldri.

Lýsing: Leiðbeinandi er með spjöld sem á standa ýmsar fullyrðingar og skoðanir sem hafa að gera með eitthvað sem telja má dularfullt. Þátttakendur draga spjöld, mynda sér skoðun á því sem þar stendur, gera grein fyrir skoðun sinni, færa rök fyrir henni og rökræða við félagi sína. Það fer eftir fjölda þátttakenda hvernig verkefnið er unnið. Ef þátttakendur eru fáir, þ.e. um það bil tólf eða færri má sitja saman við stórt borð og nota borðið til að leggja spjöldin á. Ef þátttakendur eru fleiri má nota töflu og líma spjöldin á töfluna í stað þess að leggja þau á borðið.

Þátttakendur vinna saman í pörum eða smærri hópum. Hvert par eða hópur dregur eitt spjald með fullyrðingu hjá leiðbeinanda og tekur sér tíma til að meta í hvaða flokk fullyrðingin sem dregin var fari, þ.e. *skynsamlegt*, *óskynsamlegt* eða ?.

Í smærri hópum sem vinna við stórt borð eru flokkarnir þrír *skynsamlegt*, *óskynsamlegt* og ? á borðinu fyrir framan en í stórum hópum eru flokkarnir þrír skráðir á töfluna.

Þegar allir hafa metið þá fullyrðingu sem þeir fengu gera pörin/hóparnir grein fyrir afstöðu sinni og setja fullyrðingarnar í viðeigandi flokk á borðinu/töflunni. Þegar hér er komið sögu þarf ekki að rökstyðja afstöðu sína þó vissulega megi útfæra verkefnið þannig að afstaðan sé rökstudd strax.

Farnar eru fleiri umferðir og pörin/hóparnir draga fleiri spjöld og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þegar búið er að fara yfir góðan slatta af spjöldum eru þátttakendur spurðir að því hvort það sé einhver sem vilji gera athugasemd við einhverja ákvörðun sem komið hefur fram. Viðkomandi er beðin(n) um að gera grein fyrir athugasemd sinni og færa rök fyrir því hvers vegna eitthvað ætti að falla í annan flokk, t.d. úr *skynsamlegt* yfir í *óskynsamlegt*.

Leiðbeinandi flytur spjaldið úr einum flokki yfir í annan í samræmi við vilja síðasta ræðumanns. Ef þeir sem röðuðu spjaldinu niður upphaflega vilja gera athugasemd mega þeir gera það og geta því fært spjaldið aftur í sinn upphaflega flokk.

Þetta verkefni getur gengið svo lengi sem einhver gerir athugasemdir og vill færa spjald yfir í annan flokk og rökstyðja val sitt.

Fullyrðingarnar sem notaðar eru í þessari æfingu byggja allar á fréttum úr fjölmiðlum og eru:

Það er hægt að reikna út hvenær heimsendir verður. – Verur utan úr geimnum hafa lent á jörðinni. – Verur utan úr geimnum hafa tekið fólk sem sefur, farið með það og skilað því svo aftur áður en það vaknar. – Ef mann dreymir naut þá gýs eldfjall. – Ef mann dreymir brennda sviðahausa þá mun rigna ösku. – Gollí er selur sem getur spáð fyrir um úrslit handboltaleikja. Ef hann velur að borða íslenska síld fyrir leik Íslands og Spánnar þá vinnur Ísland en ef hann velur spænska síld þá vinnur Spánn. Ef hann velur hvoruga þá verður jafntefli. – Það er mögulegt að þrettán ára unglingur keyri í svefni frá Húsafelli til Reykjanesbæjar. – Ef maður telur sig verða fyrir ofsóknum af hendi draugs þá er það góð lausn að kæra drauginn til lögreglunnar. – Bölvun er til. – Loch Ness skrímslið er til og er vatnaskrímsli í vatninu Loch Ness í Skotlandi þó það sjáist mjög sjaldan eða kannski aldrei. – Draugar geta birst á myndum sem fólk tekur þó það hafi ekki séð þá þegar það tók myndirnar. – Það var maður sem dreymdi rithöfundinn Þórberg Þórðarson sem dó 1974 og sagði að Þórbergur vilji núna að gatan sem hann bjó við og heitir Hringbraut fái nafnið Þórbergsstræti. Er það líklegt? – Kraftaverk gerast. – Það er búið að ákveða framtíð alls fólks fyrirfram. – Það er hægt að beygja skeiðar með hugaraflinu einu. – Það er hægt að lesa hugsanir fólks. – Spádómar eru alltaf bull. – Miðlar eru fólk sem getur haft samskipti við þá sem eru dánir. – Það er til köttur í Bandaríkjunum sem heitir Oscar og býr á elliheimili. Hann veit þegar einhver á heimilinu er að fara að deyja. Hann gefur slíkt til kynna með því að skríða upp í rúm til þess sem er dauðvona hverju sinni. – Englar eru til. – Huldufólk er til og það lætur fólk stundum lenda í slysum þegar vega- eða byggingaframkvæmdir eru þar sem það býr. – Tutankhamun var konungur í Egyptalandi sem dó þegar hann var 19 ára og er í grafhýsi. Hann hefur lagt bölvun á þá sem koma í grafhýsið með þeim afleiðingum að þeir deyja vegna bölvunar hans. Sjö fornleifafræðingar sem fundu grafhýsi hans dóu vegna þessarar bölvunar. – Ef mér er mikið í mun að einhver geri eitthvað þá getur mér orðið að ósk minni ef ég hugsa nógu ákveðið til þessarar manneskju. – Þegar draugar birtast þá gerist það nær alltaf þegar dimmt er.

## **Æfingar 61 – 65: Þema: Hvað er trúverðugt eða ótrúverðugt, satt eða ósatt, hverju ertu sammála eða ósammála?**

Gögn: Eftirfarandi fullyrðingar og spurningar.

Markmið: Að mynda sér skoðun, færa rök fyrir skoðun sinni og gera sér grein fyrir þekkingarfræðilegum erfiðleikum.

Aldur: Unglingastig og eldri.

Lýsing: Þátttakendur svara eftirfarandi spurningum:

### **Æfing 61: Er hann örugglega að segja satt?**

Það hefur enginn sýnt fram á að Lárus sé að ljúga. Þess vegna hlýtur hann að vera að segja satt.

Satt eða ósatt?



### **Æfing 62: En hvað um drauga?**

Það hefur enginn sýnt fram á að draugar séu ekki til. Þess vegna hljóta þeir að vera til.

Satt eða ósatt?

### **Æfing 63: Fjarheilun auglýst**

Er heilarinn traustsins verður?

Reyndur heilari býður upp á fjarheilun. Þú getur haft það notalegt heima á meðan heilarinn vinnur verk sitt fyrir aðeins 4000 krónur í hvert skipti. Hringdu núna.

Trúverðugt eða ekki trúverðugt?

### **Æfing 64: Að sjá drauga**

Jóna hefur búið í húsinu í tíu ár og er fyrst núna farin að verða vör við drauga. Þess vegna hlýtur þetta að vera ímyndun hjá henni.

Rétt eða rangt?

### **Æfing 65: Hvað um ástand prófessorsins?**

Sævar prófessor gerði að eigin mati merkilega uppgötvun í vísindum á meðan hann var undir áhrifum ofskynjunarefnisins LSD. Er ástæða til þess að draga þessa uppgötvun í efa?

Já eða nei?

# J. Hugsað heimspekilega um tungumálið, skólann, tóbak, áfengi og önnur vímuefni

## Æfing 66: Hugsað heimspekilega um tungumálið

**Gögn:** Fullyrðingar sem þátttakendur draga og taka afstöðu til. Spjöld sem lögð eru á borð eða hengd á töflu og liggja til grundvallar ákvörðunum þátttakenda þegar þeir meta fullyrðingarnar. Á spjöldunum stendur *skynsamlegt, óskynsamlegt* og ?.

**Markmið:** Að mynda sér skoðun á stöðu, gildi og hlutverki íslenskunnar. Rökræður.

**Aldur:** Unglingastig og eldri.

**Lýsing:** Leiðbeinandi er með spjöld sem á standa ýmsar fullyrðingar og skoðanir sem hafa með íslenskt mál að gera. Þátttakendur draga spjöld, mynda sér skoðun á því sem þar stendur, gera grein fyrir skoðun sinni, færa rök fyrir henni og rökræða við félagasína. Það fer eftir fjölda þátttakenda hvernig verkefnið er unnið. Ef þátttakendur eru fáir, þ.e. um það bil tólf eða færri má sitja saman við stórt borð og nota borðið til að leggja spjöldin á. Ef þátttakendur eru fleiri má nota töflu og líma spjöldin á töfluna í stað þess að leggja þau á borðið.

Þátttakendur vinna saman í pörum eða smærri hópum. Hvert par eða hópur dregur eitt spjald með fullyrðingu hjá leiðbeinanda og tekur sér tíma til að meta í hvaða flokk fullyrðingin sem dregin var fari, þ.e. *skynsamlegt, óskynsamlegt* eða ?.

Í smærri hópum sem vinna við stórt borð eru flokkarnir þrír *skynsamlegt, óskynsamlegt* og ? á borðinu fyrir framan en í stórum hópum eru flokkarnir þrír skráðir á töfluna.

Þegar allir hafa metið þá fullyrðingu sem þeir fengu gera pörin/hóparnir grein fyrir afstöðu sinni og setja fullyrðingarnar í viðeigandi flokk á borðinu/töflunni. Þegar hér er komið sögu þarf ekki að rökstyðja afstöðu sína þó vissulega megi útfæra verkefnið þannig að afstaðan sé rökstudd strax.

Farnar eru fleiri umferðir og pörin/hóparnir draga fleiri spjöld og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þegar búið er að fara yfir góðan slatta af spjöldum eru þátttakendur spurðir að því hvort það sé einhver sem vilji gera athugasemd við einhverja ákvörðun sem komið hefur fram. Viðkomandi er beðin um að gera grein fyrir athugasemd sinni og færa rök fyrir því hvers vegna eitthvað ætti að falla í annan flokk, t.d. úr *skynsamlegt* yfir í *óskynsamlegt*.

Leiðbeinandi flytur spjalðið úr einum flokki yfir í annan í samræmi við vilja síðasta ræðumanns. Ef þeir sem röðuðu spjaldinu niður upphaflega vilja gera athugasemd mega þeir gera það og geta því fært spjalðið aftur í sinn upphaflega flokk.

Þetta verkefni getur gengið svo lengi sem einhver gerir athugasemdir og vill færa spjald yfir í annan flokk og rökstyðja val sitt.

Fullyrðingarnar sem notaðar eru í þessari æfingu eru:

Undantekningalaust ætti að íslenska heiti á erlendum matvörum. – Undantekningalaust ætti að íslenska erlend starfsheiti sbr. *sandwich artist* (á veitingastaðnum Subway) verður t.d. *samlökulistamaður*. – Það ætti að taka Z upp aftur í íslenska stafrófinu. – Fólk ætti að fá að heita það sem það vill heita. – Íslenskan mun aldrei leggjast af. – Erlend áhrif eru góð fyrir íslenskuna. – Fólk á að fá að nefna börn sín erlendum nöfnum ef það vill. – Það ætti að leggja niður mannanafnanefnd. – Það er rétt stefna að fólk fái ekki að nefna börnin sín hvaða nafni sem er. – Útlendingar sem fá íslenskan ríkisborgararétt eiga að taka upp íslensk nöfn. – Útlendingar sem fá íslenskan ríkisborgararétt og ekki vilja taka upp íslensk nöfn ættu þá að þurfa að þýða nöfnin sín yfir á íslensku sbr. *Charlie* yrði *Karl*, *Hope* yrði *Von*, *Max* yrði *Hámark* og *Lipman* yrði *Varamaður*. – Það ætti að talsetja allt erlent sjónvarpsefni. – Það ætti að íslenska öll erlend vörumerki og fyrirtækjaheiti sem eru hér á landi. KCF yrði þá annaðhvort *Komdu að fá þér kjúlla* eða *Kristján fær sér kjúlla*, *Subway* yrði *Kafbátur*, *Eurosport* yrði *Evrópuíþróttir* o.s.frv. – Íslenska er erfitt tungumál. – Íslenska er með of margar stafsetningarreglur. – Íslenska er fallett tungumál. – Íslenska ríkið ætti að styrkja íslenskukennslu erlendis, t.d. í háskólum. – Það er kostur að fáir tali íslensku. – Enskuslettur ætti að banna í íslensku máli. – Íslenskan er skemmtileg. – Íslenskan er í hættu. – Íslendingar ættu að syngja á íslensku í *Evrópsku söngvakeppninni*. – Það skiptir engu máli hvaða tungumál er talað svo fremi sem fólk nær að skilja hvert annað. – Það ætti að taka út orðið *Stop* á stöðvunarskyldumerkjum og setja í staðinn *Nemið staðar*. – Það ætti að skylda alla innflytjendur til að læra íslensku. – Y má taka út úr íslenskunni. – Full ástæða er til að einfalda íslenskuna. – Það á að þýða erlend borgarheiti sbr. *London = Lundúnir*, *Köbenhavn = Kaupmannahöfn*, *New York = Nýja Jórvík*, *Capetown = Höfðaborg* o.s.frv. – Það á að íslenska erlend kvikmyndaheiti. – Íslenskan er menningarverðmæti. – Þágufallssýki er sjúkdómur. – Íslenskan þarf ekki vernd. – Íslenskukennsla í grunnskólum er óhagnýt. – Það ætti að auka vægi ritunar, upplesturs og stafsetningar í íslenskukennslu á kostnað málfræði. – Íslenskukennsla í grunnskólum eykur áhuga á íslensku.

## Æfing 67: Á skólinn að vera lýðræðislegur?

**Gögn:** Fullyrðingar sem þátttakendur draga og taka afstöðu til. Spjöld sem lögð eru á borð eða hengd á töflu og liggja til grundvallar ákvörðunum þátttakenda þegar þeir meta fullyrðingarnar. Á spjöldunum stendur: *Lýðræðislegt, ólýðræðislegt, gott fyrir nemendur, slæmt fyrir nemendur, gott fyrir skólastarf, slæmt fyrir skólastarf, hefur ekkert með lýðræði að gera.*

**Markmið:** Að mynda sér skoðun á því hvort skólastarf geti og eigi að vera lýðræðislegt. Samræður.

**Aldur:** Unglingastig og eldri.

**Lýsing:** Leiðbeinandi er með spjöld sem á standa ýmsar fullyrðingar og skoðanir um skólastarf. Þátttakendur draga spjöld, mynda sér skoðun á því sem þar stendur, gera grein fyrir skoðun sinni, færa rök fyrir henni og rökræða við félagasína. Taka þeir mið af þeim atriðum sem nefnd eru hér að framan við ákvarðanatökuna. Ef þátttakendur eru fáir, þ.e. um það bil tólf eða færri má sitja saman við stórt borð og nota borðið til að leggja spjöldin á. Ef þátttakendur eru fleiri má nota töflu og líma



spjöldin á töfluna í stað þess að leggja þau á borðið (sjá nánar skýringarmynd hér fyrir neðan).

Þátttakendur vinna saman í pörum eða smærri hópum. Hvert par eða hópur dregur eitt spjald með fullyrðingu hjá leiðbeinanda og tekur sér tíma til að meta í hvaða flokk fullyrðingin sem dregin var fari. Grunnflokkarnir eru þrír þ.e. *lýðræðislegt, ólýðræðislegt, hefur ekkert með lýðræði að gera*. Undirflokkarnir eru síðan gott fyrir skólastarf, slæmt fyrir skólastarf, gott fyrir nemendur, slæmt fyrir nemendur. Þannig mætti flokka fullyrðingu sem lýðræðislega en slæma fyrir nemendur og góða fyrir skólastarf, eða ólýðræðislega, góða fyrir skólastarf og góða fyrir nemendur o.s.frv.

Í smærri hópum sem vinna við stórt borð eru flokkarnir á borðinu fyrir framan en í stórum hópum eru flokkarnir skráðir á töfluna.

Þegar allir hafa metið þá fullyrðingu sem þeir fengu gera pörin/hóparnir grein fyrir afstöðu sinni og setja fullyrðingarnar í viðeigandi flokk á borðinu/töflunni. Þegar hér er komið sögu þarf ekki að rökstyðja afstöðu sína þó vissulega megi útfæra verkefnið þannig að afstaðan sé rökstudd strax.

Farnar eru fleiri umferðir og pörin/hóparnir draga fleiri spjöld og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þegar búið er að fara yfir góðan slatta af spjöldum eru þátttakendur spurðir að því hvort það sé einhver sem vilji gera athugasemd við einhverja ákvörðun sem komið hefur fram. Viðkomandi er beðin(n) um að gera grein fyrir athugasemd sinni og færa rök fyrir því hvers vegna eitthvað ætti að falla í annan flokk, t.d. úr *lýðræðislegu* yfir í *ó lýðræðislegt*.

Leiðbeinandi flytur spjaldið úr einum flokki yfir í annan í samræmi við vilja síðasta ræðumanns. Ef þeir sem röðuðu spjaldinu niður upphaflega vilja gera athugasemd mega þeir gera það og geta því fært spjaldið aftur í sinn upphaflega flokk.


Þetta verkefni getur gengið svo lengi sem einhver gerir athugasemdir og vill færa spjald yfir í annan flokk og rökstyðja val sitt.

Fullyrðingarnar sem notaðar eru í þessari æfingu eru:

Meirihlutinn á alltaf að ráða. – Allir fá að kjósa skólastjóra. – Að gagnrýna – Allir í skólanum, fullorðnir, unglingar og börn eru jafnir. – Allir fá að klæða sig eins og þeim sýnist í skólanum. – Ef upp koma ágreiningsmál á að kjósa um þau. – Frjáls mæting í kennslustundir. – Nemendur velja það sem þeir vilja læra. – Nemendur ákveða hvort þeir læra. – Kennarinn ákveður hvað á að gera í kennslustundinni. – Nemendur fá ekki að ráða hvað á að læra. – Kennarar leiðbeina nemendum um hvað er viðeigandi klæðnaður. – Rökræður. – Bekkjarfundir. – Að vinna saman – Að mega segja það sem manni finnst. – Að fá að vera með í að ákveða skólareglur. – Maður tekur próf í þeim fögum sem maður vill. – Það má hafa síma í tíma – Allir nemendur eiga að vera í skólabúningum.



## Lýðræði og skólastarf



Skýringarmynd með æfingu 67.

## Æfing 68: Hugsað heimspekilega um forvarnir

**Gögn:** Fullyrðingar sem búið er að láta á spjöld. Þátttakendur draga og taka afstöðu til fullyrðinganna. Eru þeir þeim sammála eða ósammála, eru fullyrðingarnar skynsamlegar eða óskynsamlegar? Skrifu má á töflu eða nota spjöld sem lögð eru á borð og leggja ákvarðanatökunni til grundvallar. Þar stendur *sammála*, *ósammála* og ?.

**Markmið:** Að mynda sér skoðun á ýmsum álitamálum sem tengjast forvarnarstarfi. Samræður.

**Aldur:** Unglingastig og eldri.

**Lýsing:** Leiðbeinandi er með spjöld sem á standa ýmsar fullyrðingar og skoðanir um ýmis álitamál sem tengjast forvarnarstarfi. Þátttakendur draga spjöld, mynda sér skoðun á því sem þar stendur, gera grein fyrir skoðun sinni, færa rök fyrir henni og rökræða við félagu sína. Það fer eftir fjölda þátttakenda hvernig verkefnið er unnið. Ef þátttakendur eru fáir, þ.e. um það bil tólf eða færri má sitja saman við stórt borð og nota borðið til að leggja spjöldin á. Ef þátttakendur eru fleiri má nota töflu og líma spjöldin á töfluna í stað þess að leggja þau á borðið.

Þátttakendur vinna saman í þörum eða smærri hópum. Hvert þar eða hópur dregur eitt spjald með fullyrðingu hjá leiðbeinanda og tekur sér tíma til að meta í hvaða flokk fullyrðingin sem dregin var fari, þ.e. *sammála*, *ósammála* eða ?.

Í smærri hópum sem vinna við stórt borð eru flokkarnir þrír *sammála*, *ósammála* og ? á borðinu fyrir framan en í stórum hópum eru flokkarnir þrír skráðir á töfluna.

Þegar allir hafa metið þá fullyrðingu sem þeir fengu gera þörin/hóparnir grein fyrir afstöðu sinni og setja fullyrðingarnar í viðeigandi flokk á borðinu/töflunni. Þegar hér er komið sögu þarf ekki að rökstyðja afstöðu sína þó vissulega megji útfæra verkefnið þannig að afstaðan sé rökstudd strax.

Farnar eru fleiri umferðir og þörin/hóparnir draga fleiri spjöld og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þegar búið er að fara yfir góðan slatta af spjöldum eru þátttakendur spurðir að því hvort einhver vilji gera athugasemd við einhverja ákvörðun sem komið hefur fram. Viðkomandi er beðin(n) um að gera grein fyrir athugasemd sinni og færa rök fyrir því hvers vegna eitthvað ætti að falla í annan flokk, t.d. úr *sammála* yfir í ósammála.

Leiðbeinandi flytur spjaldið úr einum flokki yfir í annan í samræmi við vilja síðasta ræðumanns. Ef þeir sem röðuðu spjaldinu niður upphaflega vilja gera athugasemd mega þeir gera það og geta því fært spjaldið aftur í sinn upphaflega flokk.

Þetta verkefni getur gengið svo lengi sem einhver gerir athugasemdir og vill færa spjald yfir í annan flokk og rökstyðja val sitt.

Fullyrðingarnar sem notaðar eru í þessari æfingu eru:

Það ætti að lögleiða kannabisefni. – Áfengi hjálpar manni að eignast vini. – Þeir sem ekki drekka einangrast frá félögunum. – Hass er skaðlegra en áfengi. – Með aukinni drykkju aukast líkur á ofbeldi. – Sumir framhaldsskólar láta nemendur blása í áfengismæli áður en þeim er hleypt inn á böll. – Það kemur engum við nema manni sjálfum hvort maður drekkur áfengi. – Þeir sem stunda íþróttir verða síður alkóhólistar en aðrir. – Maður á að fá að rækta kannabis ef það er bara fyrir mann sjálfan. – Betra er að horfa á sjónvarpið með foreldrum en að fara í félagsmiðstöðina. – Foreldrar eiga að kaupa vín fyrir mig svo ég þurfi ekki að kaupa landa. – Það er slæmt að tóbak kosti mikið því það eru svo margir fátækir sem reykja. – Það á að banna leikurum að reykja í bíómyndum og í leikhúsi. – Ef þú hættir að reykja fitnar þú. – Það er í lagi fyrir íþróttamenn að taka í vörina vegna þess að tóbakið fer ekki í lungun. – Það er skynsamlegt að gera samning við foreldra um að byrja ekki að drekka. – Foreldrar kaupa áfengi fyrir unglínga. – Foreldrar kaupa sígarettur fyrir unglínga. – Það er verra að taka í vörina en að reykja. – Íþróttafélög eiga bara að leggja áherslu á keppnisíþróttir. – Ef enginn notaði tóbak færu margir tóbaksbændur á hausinn og margir starfsmenn í tóbaksverksmiðjum misstu vinnuna. – Áfengi er skaðlegra en hass. – Áfengi er gleðigjafi. – Áfengi er skaðlegt. – Að vera heima á kvöldin með fjölskyldunni á meðan allir vinirnir eru úti. – Sígarættur eru of dýrar. – Íþróttir eru það eina sem dugar í forvarnarstarfi. – Því yngri sem þú byrjar að drekka því meiri líkur eru á að þú verðir alkóhólisti. – Það ætti að banna áfengi á Íslandi. – Það ætti að banna fólki að reykja tóbak allstaðar. – Áfengiskaupaaldurinn ætti að vera 23 ár. – Fíkniefni eru skaðlaus ef maður neitir þeirra í hófi. – 16 ára unglíngar ættu að fá að kaupa sterkt vín eins og brennivín og vodka. – 16 ára unglíngar ættu að hafa leyfi til að kaupa bjór. – Þeir sem nota fíkniefni geta alltaf hætt ef þeir vilja. – Það er skynsamlegt að þú megir gifta þig 18 ára en ekki kaupa áfengi fyrr en 20 ára. – Ef foreldrar drekka áfengi hafa þeir ekki rétt á að banna unglíngunum sínum að drekka. – Ef foreldrar reykja hafa þeir ekki rétt á að banna unglíngunum að reykja. – Ef maður er í partí þar sem allir drekka, þá er í lagi að maður drekki líka. – Foreldrar sem reykja ættu að hafa leyfi til að senda börnin sín út í búð til að kaupa fyrir sig sígarættur.